

REGLUR FYRIR ÚTGEFENDUR FJÁRMÁLAGERNINGA

NASDAQ OMX ICELAND HF.
ÚTGEFNAR 17. desember 2013

INNGANGUR	4
HLUTABRÉF	5
1. TAKA HLUTABRÉFA TIL VIÐSKIPTA	5
1.1 SKILYRÐI FYRIR TÖKU HLUTABRÉFA TIL VIÐSKIPTA	5
ALMENN SKILYRÐI FYRIR TÖKU HLUTABRÉFA TIL VIÐSKIPTA	5
1.2 FERLIÐ VEGNA TÖKU HLUTABRÉFA TIL VIÐSKIPTA	13
1.3 LÝSING	15
UPPLÝSINGASKYLDA ÚTGEFANDA HLUTABRÉFA	16
2. ALMENNAR REGLUR UM BIRTINGU UPPLÝSINGA	16
2.1 ALMENNT ÁKVÆÐI	16
2.2 RÉTTAR OG VIÐEIGANDI UPPLÝSINGAR.....	18
2.3 TÍMASETNING UPPLÝSINGAGJAFAR	19
2.4 UPPLÝSINGALEKI.....	20
2.5 AÐFERÐIR.....	20
2.6 VEFSÍÐA	21
REGLULEG UPPLÝSINGASKYLDA	21
2.7 FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR	21
2.8 BIRTINGARTÍMI FJÁRHAGSUPPLÝSINGA	21
2.9 TILKYNNING MEÐ FJÁRHAGSUPPLÝSINGUM.....	22
2.10 ÁRITUN ENDURSKOÐANDA	22
2.11 DAGATAL FÉLAGS.....	23
ÖNNUR UPPLÝSINGASKYLDA	23
2.12 AFKOMUSPÁR OG YFIRLÝSINGAR UM FRAMTÍÐARHORFUR	23
2.13 HLUTHAFAFUNDIR.....	24
2.14 ÚTGÁFA VERÐBRÉFA	25
2.15 BREYTINGAR Á STJÓRN, STJÓRNENDUM OG ENDURSKOÐENDUM	26
2.16 HLUTABRÉFATENGING HVATAKERFI.....	26
2.17 VIÐSKIPTI VIÐ NÁTENGDA AÐILA.....	27
2.18 KAUP OG SALA FYRIRTÆKJA.....	28
2.19 BREYTINGAR Á FÉLAGI.....	29
2.20 ÁKVARÐANIR UM TÖKU TIL VIÐSKIPTA.....	30
2.21 UPPLÝSINGAR SEM KRAFIST ER Á ÖÐRUM VIÐSKIPTAVETTvangi.....	30
UPPLÝSINGAR EINGÖNGU TIL KAUPHALLAR	30
2.22 YFIRTÖKUTILBOÐ	30
2.23 FYRIRFRAMUPPLÝSINGAR.....	31
UPPLÝSINGASKYLDA Í TENGLUM VIÐ LAUNAKJÖR STJÓRNENDA OG STJÓRNARHÆTTI FÉLAGSINS	31
2.24 LAUNAGREIÐSLUR TIL ÆÐSTU STJÓRNENDA	31
2.25 LAUNAGREIÐSLUR TIL ANNARRA STJÓRNENDA	32
2.26 YFIRLÝSING UM STJÓRNARHÆTTI FYRIRTÆKJA – „FYLGIÐ EÐA SKÝRIÐ“	32
SKULDABRÉF	33
3. TAKA SKULDABRÉFA TIL VIÐSKIPTA	33
3.1 SKILYRÐI FYRIR TÖKU SKULDABRÉFA TIL VIÐSKIPTA	33

3.2	FERLIÐ VIÐ TÖKU SKULDABRÉFA TIL VIÐSKIPTA	34
3.3	LÝSING	35
4.	UPPLÝSINGASKYLDA ÚTGEFENDA SKULDABRÉFA.....	36
4.1	ALMENN ÁKVÆÐI UM UPPLÝSINGASKYLDU	36
4.2	ATVIKSBUNDIN UPPLÝSINGASKYLDA	37
4.3	UPPGJÖR.....	38
	HLUTDEILDARSKÍRTEINI	39
5.	TAKA HLUTDEILDARSKÍRTEINA TIL VIÐSKIPTA.....	39
5.1	SKILYRÐI FYRIR TÖKU HLUTDEILDARSKÍRTEINA TIL VIÐSKIPTA	39
5.2	FERLIÐ VIÐ TÖKU HLUTDEILDARSKÍRTEINA TIL VIÐSKIPTA	39
5.3	ÚTBODSLÝSING	41
6.	UPPLÝSINGASKYLDA ÚTGEFENDA HLUTDEILDARSKÍRTEINA.....	42
6.1	ALMENN ÁKVÆÐI UM UPPLÝSINGASKYLDU	42
6.2	ATVIKSBUNDIN UPPLÝSINGASKYLDA	43
6.3	REGLULEG UPPLÝSINGASKYLDA.....	44
7.	AÐRIR FJÁRMÁLAGERNINGAR.....	45
7.1	ALMENNT	45
	SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI.....	46
8.	ALMENNAR REGLUR FYRIR ÚTGEFENDUR FJÁRMÁLAGERNINGA	46
8.1	GJÖLD.....	46
8.2	ATHUGUNARMERKING.....	46
8.3	BROT Á REGLUM	46
8.4	ÁKVÖRÐUN UM BEITINGU VIÐURLAGA	46
8.5	ÚTGEFANDI UPPFYLLIR EKKI SKILYRÐI FYRIR TÖKU FJÁRMÁLAGERNINGA TIL VIÐSKIPTA.....	47
8.6	TAKA FJÁRMÁLAGERNINGA ÚR VIÐSKIPTUM	47

INNGANGUR

Reglur þessar („reglurnar“) gilda fyrir útgefendur fjármálagerninga („útgefendur“) sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. („Kauphöllin“ eða „NASDAQ OMX Iceland“). Með undirritun samnings við Kauphöllina um töku fjármálagerninga til viðskipta skuldbindur útgefandi sig til að fylgja viðeigandi ákvæðum í reglunum. Afmörkuð ákvæði í reglunum gilda einnig fyrir útgefendur sem sótt hafa um töku fjármálagerninga til viðskipta.

Reglurnar eru gefnar út af Kauphöllinni í samræmi við lög nr. 110/2007 um kauphallir. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna skal kauphöll setja skýrar og gagnsæjar reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Reglurnar skulu tryggja að fjármálagerningar sem teknir eru til viðskipta á markaðnum séu þess eðlis að hægt sé að stunda viðskipti með þá á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt og þegar um er að ræða verðbréf, að viðskiptin með þau séu án takmarkana.

Reglurnar, sem eru settar til viðbótar og áréttingar ákvæðum laga og reglugerða, kveða m.a. á um skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta og upplýsingaskyldu útgefanda hlutabréfa, skuldabréfa og hlutdeildarskírteina. Um einstakar tegundir fjármálagerninga er fjallað á sambærilegan hátt, þ.e. tiltekin eru skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta og kröfur um upplýsingaskyldu.

Reglur um skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta og upplýsingaskyldu útgefanda hlutabréfa eru að miklu leyti samræmdar milli NASDAQ OMX Helsinki, NASDAQ OMX Stockholm, NASDAQ OMX Copenhagen og NASDAQ OMX Iceland.

Reglurnar eru kaflaskiptar eftir tegundum fjármálagerninga, þ.e. hlutabréfum, skuldabréfum og hlutdeildarskírteinum. Auk þess er kafli sem fjallar um töku annarra fjármálagerninga til viðskipta. Lokakaflinn gildir fyrir útgefendur allra fjármálagerninga og hefur að geyma sameiginleg ákvæði um gjöld, athugunarmerkingu, viðurlög vegna brota á reglunum, töku fjármálagerninga úr viðskiptum og gildistöku.

Víða í reglunum má finna skýringartexta, skáletraðan í skyggðum reit, sem eru ætlaðir til nánari útskýringar og túlkunar á reglunum. Eigi ber að líta svo á að um bindandi eða tæmandi greinargerð sé að ræða.

Reglur Kauphallarinnar má nálgast á vefsetri NASDAQ OMX:

<http://www.nasdaqomx.com/>

HLUTABRÉF**1. TAKA HLUTABRÉFA TIL VIÐSKIPTA****1.1 Skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta**

1.1.1 Ferlið, skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta og aðrir þættir sem tengjast töku hlutabréfa til viðskipta eru skýrðir hér að neðan. Í þessum kafla merkir skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta („skilyrðin“) þau skilyrði sem sett eru í ákvæðum 1.1.4 til 1.1.21.

1.1.2 Skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta eru að mestu leyti samræmd á milli NASDAQ OMX Helsinki, NASDAQ OMX Stockholm, NASDAQ OMX Copenhagen og NASDAQ OMX Iceland.

Félög sem hafa fengið hlutabréf tekin til viðskipta í Kauphöllinni koma fram á Nordic List ásamt þeim félögum sem eru tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Helsinki, NASDAQ OMX Copenhagen og NASDAQ OMX Stockholm. Nordic List er skipt í þrjá hluta á grundvelli markaðsvirðis viðkomandi fyrirtækja (Large Cap, Mid Cap og Small Cap). Auk þess eru félögin flokkuð samkvæmt flokkunarstaðli fyrir fyrirtæki. Á Nordic List koma m.a. fram upplýsingar um þá kauphöll þar sem viðkomandi hlutabréf eru tekin til viðskipta.

Skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta eru að mestu leyti samræmd milli NASDAQ OMX Helsinki, NASDAQ OMX Copenhagen, NASDAQ OMX Stockholm og NASDAQ OMX Iceland. Vegna mismunandi skilyrða er varða t.a.m. lög og reglur viðkomandi landa er hins vegar í ákvæðnum tilvikum munur á þeim.

1.1.3 Skilyrðin eiga við á þeim tíma sem hlutabréf félags eru tekin til viðskipta og ávallt eftir að fallist hefur verið á töku hlutabréfa til viðskipta. Engu að síður skulu eftirfarandi hlutar skilyrðanna aðeins gilda við töku hlutabréfa til viðskipta:

- Ársreikningar og rekstrarsaga (1.1.8– 1.1.10)
- Arðsemi og rekstrarfé (1.1.11– 1.1.12)
- Markaðsvirði hlutabréfa (1.1.17)

Almenn skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta**1.1.4 Stofnun**

Félag skal vera skráð sem hlutafélag eða stofnað með öðrum hætti í samræmi við viðkomandi lög á þeim stað þar sem það er skráð í hlutafélagaskrá eða stofnað.

1.1.5 Gildi

Hlutabréf útgefenda skulu:

- vera í samræmi við lög á því svæði þar sem félag er skráð í hlutafélagaskrá og
- vera í samræmi við skilyrði reglugerða, reglna og annarra samþykkt.

1.1.6 **Framseljanleiki**

Hlutabréf verða að vera framseljanleg.

Frjálst framsal hlutabréfa er almennt skilyrði fyrir því að hægt sé að taka þau til viðskipta og eiga viðskipti með þau á markaði. Þegar samþykktir félags innihalda takmarkanir á framsali hlutabréfa geta slíkar takmarkanir talist hamla framsali í skilningi þessa ákvæðis og sama á við um aðrar ráðstafanir sem hafa svipuð áhrif og geta leitt til sömu túlkunar.

1.1.7 **Taka skal öll hlutabréf í sama flokki til viðskipta**

Umsókn um töku hlutabréfa til viðskipta verður að ná til allra útgefinna hlutabréfa í sama flokki.

Sækja skal um töku hlutabréfa til viðskipta á öllu útgefnu hlutafé í viðkomandi flokki hlutabréfa, þ.m.t. hlutabréf sem eru gefin út í frumútbóði fyrir fyrsta dag viðskipta.

Öll síðari útgáfa nýrra hlutabréfa og taka þeirra til viðskipta skal vera í samræmi við framkvæmd Kauphallarinnar um töku hlutabréfa til viðskipta og skilyrði sem koma fram í löggjöf.

Ársreikningar og rekstrarsaga

1.1.8 Félag, sem sækir um að hlutabréf þess verði tekin til viðskipta, verður að geta lagt fram endurskoðaða ársreikninga, eða samstæðureikninga félagsins og dótturfélaga þess, ef við á, fyrir a.m.k. þrjú ár í samræmi við lög sem gilda um ársreikninga félagsins í heimalandi þess.

1.1.9 Að auki skal mismunandi starfsemi og starfsvið félagsins og samstæðunnar hafa fullnægjandi rekstrarsögu.

1.1.10 Kauphöllin getur veitt undanþágu frá skilyrði um ársreikninga og rekstrarsögu enda telji Kauphöllin að það sé æskilegt í þágu félagsins, og að fjárfestar hafi nauðsynlegar upplýsingar til að geta lagt mat á félagið og hlutabréf þess sem fjárfestingu.

Almenna reglan er að félag skal leggja fram samþykkt ársreikninga fyrir a.m.k. þrjú ár. Þegar rekstrarsaga félags er metin er félag, sem rekið hefur núverandi starfsemi sína í öllum aðalatriðum í þrjú ár og getur lagt fram ársreikninga fyrir þessi ár, yfirleitt talið hafa fullnægt skilyrðunum. Mat á ársreikningum og rekstrarsögu skal ná yfir félagið ásamt dótturfélögum þess. Matið skal byggjast á þróun félagsins yfir tíma. Upplýsingar um kaup og sölu á dótturfélögum skulu koma fram í ársreikningum. Félag verður að geta greint frá rekstri sínum til að Kauphöllin og fjárfestar geti metið þróun þess.

Pro forma reikningar (eða aðrar fjárhagsupplýsingar sem kynntar eru til samanburðar til að skýra breytingar á samþykktum ársreikningum) eru kynntir eftir þörfum í lýsingu og yfirleitt sýndir fyrir eitt reikningsár. Hins vegar getur Kauphöllin krafist til viðbótar sambærilegra upplýsinga til að meta hvort skilyrði ákvæðis 1.1.9 sé uppfyllt. Verulegar breytingar á starfsemi eða starfssviðum félagsins áður en hlutabréfin eru tekin til viðskipta, t.d. öfug yfirtaka (e. reverse takeover), geta leitt til þess að skilyrði ákvæðis 1.1.9 sé ekki uppfyllt eða að hægt sé að krefjast umtalsverðra viðbótarupplýsinga um rekstur félagsins áður en mat er lagt á það hvort hægt sé að taka hlutabréfin til viðskipta.

Til að undanþága sé veitt frá skilyrðinu um að birta ársreikninga síðustu þriggja ára verða að vera fyrir hendi nægjanlegar upplýsingar fyrir Kauphöllina og fjárfesta til að leggja mat á félagið og hlutabréf þess sem fjárfestingu. Þessar upplýsingar geta verið

staðfesting á að rekstrarumhverfi sé stöðugt og gott, svo sem ef um uppskiptingu á félögum sem hafa hlutabréf sín tekin til viðskipta er að ræða eða þar sem félag hefur verið myndað með yfirtöku eða samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja þar sem hlutabréf þeirra væru hæf fyrir töku til viðskipta. Þegar félag með styttri rekstrarsögu en þrjú ár er metið fá upplýsingar um starfsemi og rekstur félagsins aukið vægi.

Arðsemi og rekstrarfé

- 1.1.11 Félag skal sýna fram á að það búi yfir hagnaðargetu þegar litið er til samstæðu þess.
- 1.1.12 Að öðrum kosti skal félag, sem ekki hefur sýnt fram á að það búi yfir hagnaðargetu, sýna fram á að það hafi aðgang að nægilegu rekstrarfé fyrir fyrirhugaðan rekstur í a.m.k. eitt ár frá fyrsta degi viðskipta.

Meginreglan er sú að félag skuli sýna fram á að rekstur þess skili hagnaði. Í samræmi við það skulu reikningsskil félagsins sýna að það hafi myndað hagnað eða hafi getu til að mynda hagnað sem er í samræmi við hagnað í atvinnugreininni. Almenna reglan er að um hagnað þarf að hafa verið að ræða á síðasta reikningsári. Fyrir félag, sem ekki er með rekstrarsögu, eru sett strangari skilyrði varðandi gæði og umfang annarra upplýsinga sem birtar eru í lýsingu og umsókn fyrir töku hlutabréfa til viðskipta svo að fjárfestar og Kauphöllin geti lagt mat á félagið og rekstur þess. Í hið minnsta skal vera skýrt hvenær félag væntir þess að skila hagnaði og hvernig félag ætlar sér að fjármagna rekstur sinn þar til það fer að skila hagnaði.

Nota má margvíslegar leiðir til að sýna fram á að nægilegt rekstrarfé sé fyrir hendi næstu tólf mánuði, svo sem áætlað sjóðstreymi, fyrirhugaðar og mögulegar fjármögnunarleiðir, lýsingu á fyrirhuguðum viðskiptum og fjárfestingum og vel ígrundað mat á framtíðarhorfum félagsins. Mikilvægt er að grundvöllur fyrir vel rökstuddu mati félags sé skýr. Þrátt fyrir slíka fjármögnun er skilyrðum ekki talið fullnægt í þeim tilvikum þar sem fjárhagsstaða félagsins er óvenjuleg eða í hættu af einhverjum öðrum ástæðum, eins og verið getur ef til dæmis endurskipulagning er í gangi innan félagsins eða svipað ferli hefur átt sér stað.

Seljanleiki

- 1.1.13 Skilyrði fyrir nægjanlegu framboði og eftirspurn skulu vera fyrir hendi til að stuðla að áreiðanlegri verðmyndun.
- 1.1.14 Nægjanlega mörg hlutabréf skulu vera í eigu almennra fjárfesta. Til viðbótar skal félag hafa nægjanlegan fjölda hluthafa.
- 1.1.15 Nægjanlegur fjöldi hlutabréfa skal talinn vera í eigu almennra fjárfesta, samkvæmt ákvæði 1.1.14, þegar 25 prósent hlutabréfa innan sama flokks eru í eigu almennra fjárfesta.
- 1.1.16 Kauphöllin getur fallist á lægra hlutfall dreifingar en 25 prósent telji hún að viðskipti með bréfin geti farið fram á eðlilegan hátt í ljósi fjölda hluthafa og dreifingu hlutabréfanna.

Forsenda viðskipta í kauphöll er nægilegt framboð á verðbréfum og eftirspurn eftir þeim en það styður við áreiðanlega verðmyndun. Margþætt mat fer fram á þessum skilyrðum fyrir töku hlutabréfa til viðskipta. Þættir, sem taka má tillit til í matinu, geta m.a. verið fyrri viðskiptasaga.

Nægilegur fjöldi hlutabréfa skal vera í eigu almennra fjárfesta og fjöldi hluthafa skal vera nægur. Til að leggja mat á hvort framboð og eftirspurn sé nægjanlegt má líta til fjölda hluthafa. Fá hlutabréf í eigu almennra fjárfesta eða fáir hluthafar geta leitt til

ótraustari verðmyndunar. Undir eðlilegum kringumstæðum eru félög með a.m.k. 500 hluthafa, sem eiga hlutabréf að verðmæti u.þ.b. 100.000 krónur hver, talin fullnægja skilyrðum um hluthafa.

Með almennum fjárfesti er átt við fjárfesti sem ekki er innherji, aðili fjárhagslega tengdur innherja, móður- eða dótturfélag eða aðili sem á meira en sem nemur 10% af hlutafé félagsins.

Auk þess teljast hlutir í eigu stjórnarmanna og yfirstjórnenda félagsins, sem og hvers kyns lögaðila í nánnum eignatengslum við það, svo sem lífeyrissjóða sem félagið rekur, ekki vera í eigu almennra fjárfesta.

Við útreikning á hlutum, sem ekki eru í eigu almennra fjárfesta, eru teknir með hlutir í eigu hluthafa, sem hafa skuldbundið sig til að losa sig ekki við hlut sinn í lengri tíma (svokallaðar söluhömlur).

Þegar hlutabréf félags eru tekin til viðskipta geta meira en 25 prósent hlutabréfa verið í eigu almennra fjárfesta en dreifingin síðar farið niður fyrir það hlutfall. Áréttað skal að 25 prósentu reglan er viðmiðunarregla sem styður meginregluna um nægjanlega dreifingu hlutafjár. Frá því að hlutabréf félags eru tekin til viðskipta metur Kauphöllin reglulega hvort hlutafjárdreifing og seljanleiki séu nægjanleg og 25 prósentu reglan er því aðeins einn af mörgum þáttum í slíku mati. Þetta felur í sér að félag, sem uppfyllir ekki skilyrði 25 prósent reglunnar, er ekki endilega talið brjóta gegn meginreglunni um seljanleika.

Þegar seljanleiki viku verulega frá skilyrðum fyrir töku hlutabréfa til viðskipta eru félög hvött til að bæta úr því, svo sem með samningi við fjármálafyrirtæki um viðskiptavakt. Ef viðskipti með hlutabréf félagsins halda áfram að vera slitrótt getur verið ástæða til að athugunarkerkja hlutabréfin. Slík ákvörðun Kauphallarinnar er tekin að viðhöfðu samráði við félagið.

Hugi félag að töku til viðskipta á öðrum flokki hlutabréfa metur Kauphöllin hvort seljanleiki verði nægur. Þetta merkir í raun að Kauphöllin metur heildstætt væntanlegt magn viðskipta með flokkinn.

Í ákveðnum tilfellum getur komið til þess að dreifing hlutafjár sé ekki fullnægjandi við töku hlutabréfanna til viðskipta, en fullvissa hefur verið veitt fyrir því að slík dreifing náist stuttu síðar. Í slíkum tilfellum getur Kauphöllin metið aðstæður með þeim hætti að ástæða sé til að samþykkja umsókn um töku til viðskipta með vísan til ákvæðis 1.1.22.

1.1.17 **Markaðsvirði hlutabréfa**

Áætlað markaðsvirði hlutabréfa skal að lágmarki vera fjárhæð sem nemur 1 milljón evra miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

Áætlað markaðsvirði hlutabréfa er vanalega metið á grundvelli útboðsverðs í almennu frumútboði en einnig er hægt að nota aðrar matsaðferðir. Þetta skilyrði á aðeins við í aðdraganda þess þegar hlutabréf eru upphaflega tekin til viðskipta í Kauphöllinni.

1.1.18 **Hæfi**

Kauphöllinni er heimilt að hafna umsókn um töku hlutabréfa til viðskipta, telji hún að taka hlutabréfanna til viðskipta sé skaðleg verðbréfamarkaðnum eða hagsmunum fjárfesta þótt öllum skilyrðum fyrir töku hlutabréfa til viðskipta sé fullnægt.

Í undantekningartilvikum getur félag, sem sækir um töku hlutabréfa til viðskipta, verið talið óhæft fyrir töku hlutabréfa þess til viðskipta þrátt fyrir að það uppfylli öll skilyrði, t.d. þegar talið er að taka hlutabréfa félagsins til viðskipta geti skaðað traust á verðbréfamarkaðnum. Ef félag er, þrátt fyrir að uppfylla öll skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta, talið draga úr trausti á verðbréfamarkaði vegna reksturs síns eða skipulags getur Kauphöllin ákveðið að athugunarkerkja hlutabréfin eða tekið þau úr viðskiptum.

Til að viðhalda trausti almennings á markaðnum er mikilvægt að einstaklingar, sem bera stjórnunarlega ábyrgð í félaginu, þar með taldir stjórnarmenn, eigi ekki feril að baki sem lagt getur í hættu orðspor félagsins og dregið úr trausti á markaðnum. Mikilvægt er að ferill slíkra einstaklinga sé birtur með fullnægjandi hætti í aðdraganda töku hlutabréfanna til viðskipta, sem hluti af þeim upplýsingum sem settar eru fram í lýsingu. Félagið skal t.d. meta hvort birta skuli upplýsingar af sakaskrá viðkomandi, upplýsingar er varða aðild að gjaldþroti og því um líku. Í alvarlegustu tilvikum, hafi viðkomandi gerst sekur um lögbrot, sér í lagi er varðar efnahagsbrot, hafi hann átt aðild að fjölda gjaldþrota, eða hafi hann borið stjórnunarlega ábyrgð í félagi sem hefur brotið alvarlega eða með útrekuðum hætti gegn reglum Kauphallarinnar getur slíkt komið í veg fyrir að hlutabréf félags verði tekin til viðskipta nema sá einstaklingur hafi verið sviptur stjórnunarstöðu sinni hjá félaginu.

Stjórnendur og stjórn

- 1.1.19 Samsetning stjórnar félagsins skal endurspeglar hæfni og reynslu sem krafist er til að stýra félagi sem fengið hefur hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru til slíks félags.
- 1.1.20 Stjórnendur félagsins skulu búa yfir hæfni og reynslu sem þarf til að stýra félaginu í samræmi við kröfur sem gerðar eru til félags sem fengið hefur hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Forsenda þess að hlutabréf félags séu tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er að stjórnarmenn og aðrir, sem bera stjórnunarlega ábyrgð í félaginu, hafi nægilega reynslu og þekkingu hvað varðar kröfur til slíkra félaga. Jafnframt er mikilvægt að þeir skilji þær kröfur og væntingar sem gerðar eru til slíkra félaga. Hvorki er farið fram á né skal það staðfest að allir stjórnarmenn búi yfir slíkri reynslu eða færni, en stjórnin þarf í heild sinni að standast slíkar kröfur. Hvað varðar stjórnendur er þess krafist hið minnsta að forstjóri og fjármálastjóri séu hæfir að þessu leyti.

Þegar hæfni og reynsla stjórnarmanna og stjórnenda er metin mun Kauphöllin taka tillit til fyrri reynslu viðkomandi af störfum fyrir félag sem hefur hlutabréf sín tekin til viðskipta í Kauphöllinni, á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaði með sambærilega lagastöðu. Einnig skal tekið tillit til annarrar viðeigandi reynslu.

Mikilvægt er að stjórnarmenn og stjórnendur félagsins þekki félagið og rekstur þess og séu kunnugir uppbyggingu þess, svo sem innri upplýsingagjöf, uppbyggingu og framsetningu fjárhagsupplýsinga, fjárfestatengslum og verkferlum við birtingu atviksbundinna og viðvarandi upplýsinga til hlutabréfamarkaðarins. Kauphöllin mun yfirleitt telja stjórnarmenn og stjórnendur nægilega kunnuga slíkum þáttum hafi þeir verið virkir í störfum sínum innan félagsins í a.m.k. þrjá mánuði og átt þátt í gerð

a.m.k. eins ársreiknings eða árshlutareiknings sem gefnir eru út fyrir töku hlutabréfanna til viðskipta.

Þá er mikilvægt að stjórnarmenn og stjórnendur félagsins hafi almenna þekkingu á lögum og reglum hlutabréfamarkaðarins, sér í lagi lögum og reglum sem tengjast félaginu og töku hlutabréfa þess til viðskipta með beinum hætti. Afla má slíkrar þekkingar með því að sækja námskeið Kauphallarinnar. Einstaklingar, sem telja sig hafa nægjanlega hæfni, skulu sýna Kauphöllinni fram á það, t.d. með því að leggja fram ferilskrá, vottorð frá samþykktum þriðja aðila eða með öðrum hætti sem Kauphöllin tekur til greina.

Kauphöllin gerir þá kröfu að forstjóri sé ráðinn til starfa af félaginu. Gera má undantekningu frá þeirri kröfu í skamman tíma ef næg ástæða þykir til.

1.1.21 **Geta til að veita upplýsingar til markaðarins**

Áður en taka hlutabréfa til viðskipta fer fram og eftirleiðis verður félag að búa yfir fullnægjandi verkferlum, eftirliti og stjórnkerfum, svo sem kerfum og ferlum fyrir reikningsskil, til að auðveldara sé að uppfylla kröfur Kauphallarinnar um að veita markaðnum tímanlegar, áreiðanlegar, nákvæmar og nýjustu upplýsingar.

Uppbygging félags skal tryggja tímanlega miðlun upplýsinga til hlutabréfamarkaðarins. Skipulag og ferlar eiga að vera til staðar fyrir töku hlutabréfa til viðskipta, þ.e. félag skal hafa gert a.m.k. einn árshlutareikning í samræmi við reglur Kauphallarinnar, jafnvel þó að þessum upplýsingum hafi ekki verið miðlað til markaðarins. Kauphöllin mælir með því að skipulagið við upplýsingamiðlun til hlutabréfamarkaðarins hafi verið í framkvæmd í a.m.k. tvo ársfjórðunga og við gerð a.m.k. tveggja árshlutareikninga eða eins ársreiknings áður en taka hlutabréfa til viðskipta fer fram.

Upplýsinga- og fjárhagskerfið skal þannig uppbyggt að stjórn og stjórnendur félagsins fái nauðsynlegar upplýsingar sem þörf er á við ákvarðanatöku. Þetta ætti að stuðla að skjótri og tíðri upplýsingagjöf til stjórnar og stjórnenda, svo sem í formi mánaðarskýrsla. Kerfið verður að gera kleift að útbúa tímanlega áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar. Félag skal einnig búa yfir þeim mannaúdi sem nauðsynlegur er til að greina gögnin svo að hægt sé t.d. að fjalla um afkomuþróun félagsins í tilkynningum til hlutabréfamarkaðarins. Það getur verið nóg að utanaðkomandi aðilar sjái um hluta fjárhagsþátta, svo framarlega sem um langtímasamning sé að ræða og hreyfing á starfsfólki sé lítil. Ábyrgð á því að fjárhagsþáttum sé sinnt liggur engu að síður ávallt hjá félaginu og ekki er ásættanlegt að mikilvægir þættir er varða sérþekkingu á fjármálum félagsins séu í höndum utanaðkomandi aðila.

Til að forðast aðstæður þar sem forstjóri verður fyrir of miklu álagi skal að minnsta kosti vera einn aðili til viðbótar sem getur annast ytri samskipti fyrir hönd félagsins. Ráðgjafar geta veitt stuðning í upplýsingamiðlun, sér í lagi er varðar frumvinnslu á upplýsingum til hlutabréfamarkaðarins. Hins vegar er ekki ásættanlegt að mikilvægir hlutar sérþekkingar á upplýsingasviði séu í höndum ráðgjafa eða aðkeyptra aðila.

Til að tryggja að félag veiti markaðnum tímanlegar, áreiðanlegar, nákvæmar og nýjar upplýsingar hvetur Kauphöllin félög til að setja sér upplýsingastefnu. Upplýsingastefna félags er tæki sem hjálpar félaginu að veita stöðugt bestu upplýsingar, bæði innan félagsins og til markaðarins. Hún á að vera þannig uppbyggð að framkvæmd hennar hvíli ekki á einum aðila og þannig úr garði gerð að hún henti þeim aðstæðum sem eiga við um félagið. Upplýsingar, sem veittar eru markaðnum, skulu vera réttar, viðeigandi

og áreiðanlegar og skulu gefnar í samræmi við reglur Kauphallarinnar. Upplýsingastefna félags snýst yfirleitt um nokkra þætti, svo sem hver skuli koma fram sem talsmaður félagsins, hvers kyns upplýsingar skulu gerðar opinberar, hvar og hvenær birting skuli fara fram og meðhöndlun upplýsinga þegar áföll verða. Hvað varðar félag sem hefur fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta er það einnig sérlega mikilvægt að stefnan fjalli um upplýsingaskyldu þess. Innri reglur félaga stuðla að því að þessu markmiði sé náð.

1.1.22 Undanþágur

Kauphöllin getur samþykkt umsókn um töku hlutabréfa til viðskipta, jafnvel þó að félag uppfylli ekki öll skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta ef hún telur tryggt að:

- i. markmið viðeigandi skilyrða eða lögboðinna skilyrða séu ekki í hættu eða
- ii. að markmiðum ákveðinna skilyrða megi ná með öðrum leiðum.

Markmið skilyrðanna er að stuðla að nægjanlegum seljanleika og efla traust á félögum sem hafa fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta, Kauphöllinni og hlutabréfamarkaðnum í heild sinni. Þessum markmiðum er yfirleitt talið náð ef öllum skilyrðum er fullnægt. Hins vegar verður að meta sérhvert tilfelli fyrir sig. Ef að öllu samanlögðu nægileg trygging er fyrir því að staða félagsins og hlutabréfa þess sé í samræmi við umrædd markmið getur Kauphöllin samþykkt umsókn, jafnvel þó að öllum skilyrðum hafi ekki verið fullnægt. Til dæmis getur verið að dreifing hlutabréfa sé minni en 25 prósent en fjöldi hlutabréfa, sem er í eigu almennra fjárfesta, og fjöldi hluthafa er nægjanlegur til að greiða fyrir viðskiptum og nægum seljanleika. Við slíkar aðstæður þurfa skilyrðin að vera sveigjanleg til að hindra ekki að hlutabréfin séu tekin til viðskipta ef viðskiptin eru í þágu félagsins og fjárfesta.

Undanþágur eiga aðeins við á þeim tíma þegar hlutabréfin eru tekin til viðskipta. Því þarf félag, sem hefur fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta, ekki að sækja um undanþágu hafi aðstæður breyst á þá vegu að einu eða fleiri skilyrðum sé ekki lengur fullnægt. Við slíkar aðstæður getur Kauphöllin komið á fundi með félaginu til að leita lausnar. Ef veruleg frávik eru frá skilyrðum getur komið til greina að taka hlutabréfin úr viðskiptum.

Taka hlutabréfa til tvíhliða viðskipta

- 1.1.23 Hlutabréf félaga, sem stofnuð eru á Íslandi, skulu teljast upphaflega tekin til viðskipta í Kauphöllinni. Geti félag hins vegar sýnt fram á að meginhluti viðskipta með verðbréf þess fari fram í annarri kauphöll getur Kauphöllin samþykkt slíka kauphöll sem frumkauphöll.
- 1.1.24 Hlutabréf félaga, sem stofnuð eru í öðru landi en á Íslandi, geta talist upphaflega tekin til viðskipta í þeim löndum þar sem þau eru stofnuð séu hlutabréfin tekin til viðskipta í kauphöll í viðkomandi landi og meginhluti viðskipta með verðbréf þess sé í þeirri kauphöll. Séu hlutabréf félaga ekki tekin til viðskipta í kauphöll í því landi, sem það er stofnað, geta hlutabréfin upphaflega talist vera tekin til viðskipta í þeirri kauphöll sem það hefur mest tengsl við, að teknu tilliti til viðskipta með hlutabréf þess í viðkomandi kauphöll borið saman við aðrar viðkomandi kauphallir.

1.1.25 Með fyrirvara um samþykki Kauphallarinnar samkvæmt ákvæði 1.1.23 eða 1.1.24 getur félag, sem hefur hlutabréf sín upphaflega tekin til viðskipta í annarri kauphöll, sótt um að hlutabréfin verði tekin tvíhliða til viðskipta og þá getur Kauphöllin undir slíkum kringumstæðum veitt undanþágu frá einu eða fleiri skilyrðum sem koma fram í ákvæðum 1.1.4-1.1.21.

1.1.26 Þegar sótt er um að hlutabréf verði tvíhliða tekin til viðskipta í Kauphöllinni verður félag að fullvissa Kauphöllina um að nægur seljanleiki verði til að viðskipti verði regluleg og verðmyndun skilvirk.

Kauphöllin mun að jafnaði taka gild skilyrði annarrar viðurkenndrar kauphallar eða sambærilegs skipulegs markaðar hafi hlutabréf félags upphaflega verið tekin til viðskipta í þeirri kauphöll. Félag, sem telur að hlutabréf þess hafi upphaflega verið tekin til viðskipta í annarri kauphöll, verður að færa rök fyrir máli sínu. Aðstæður þar sem Kauphöllin samþykkir að um tvíhliða töku hlutabréfa til viðskipta sé að ræða eru taldar upp hér að ofan.

Í tilvikum þar sem um tvíhliða töku hlutabréfa til viðskipta ræðir er einnig skilyrði að seljanleiki sé nægjanlegur til að viðskipti séu regluleg og verðmyndun skilvirk. Kauphöllin tekur tillit til spár um seljanleika á grundvelli heildarmats á dreifingu hlutabréfa félagsins, ekki aðeins á heimamarkaði heldur einnig á Norðurlöndum, í Evrópu og jafnvel á heimsvísu. Við mat sitt tekur Kauphöllin tillit til þátta eins og (i) dreifingar hlutabréfa á heimamarkaði og (ii) hversu auðvelt er að gera upp viðskipti á milli landa. Ef það er talið æskilegt getur Kauphöllin krafist þess að félag geri samning við viðskiptavaka til að tryggja nægjanlegan seljanleika.

Kauphöllin getur hvenær sem er, ef aðstæður breytast, ákveðið að hlutabréf skuli teljast upphaflega tekin til viðskipta í Kauphöllinni. Kauphöllin getur haft frumkvæði að slíkum breytingum ef ljóst er að forsendur fyrir tvíhliða töku hlutabréfa til viðskipta, sem koma fram að ofan, eru ekki lengur til staðar.

1.1.27 **Athugunarmerking**

Kauphöllin getur ákveðið að athugunarmerkja hlutabréf félagsins eða önnur verðbréf þess ef:

- i. félagið uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta að verulegu leyti,
- ii. um alvarleg brot á öðrum kauphallarreglum er varða félög, sem hafa fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta, er að ræða,
- iii. félagið hefur sótt um að hlutabréf þess verði tekin úr viðskiptum,
- iv. yfirtökutilboð í félagið hefur verið gert opinbert eða ef bjóðandi hefur opinberað fyrirætlun sína um að gera slíkt tilboð í félag,
- v. öfug yfirtaka (e. reverse takeover) hefur átt sér stað eða félagið hefur uppi áætlanir um eða hefur gengist undir meiriháttar breytingar í rekstri eða uppbyggingu þannig að um algjörlega nýtt félag virðist að ræða,
- vi. uppi er umtalsverð óvissa um fjárhagslega stöðu félagsins eða
- vii. hverjar aðrar aðstæður eru fyrir hendi sem leiða af sér umtalsverða óvissu varðandi félagið eða verðmyndun verðbréfanna .

Til ábendingar fyrir hlutabréfamarkaðinn geta hlutabréf félags eða önnur verðbréf þess fengið tímabundna athugunarmerkingu. Markmiðið með athugunarmerkingu er að vekja athygli markaðarins á sérstökum aðstæðum sem tengjast félaginu eða hlutabréfum þess sem fjárfestar ættu að gefa gaum. Ástæða fyrir því að verðbréf eru athugunarmerkt geta verið mismunandi. Verðbréf skulu vera athugunarmerkt í takmarkaðan tíma, vanalega ekki lengur en sex mánuði.

Taka hlutabréfa úr viðskiptum

1.1.28 Félag getur óskað þess að hlutabréf þess séu tekin úr viðskiptum.

Beiðni félags til Kauphallarinnar um að hlutabréf þess verði tekin úr viðskiptum skal fylgja skrifleg greinargerð. Almennt krefst Kauphöllin fjögurra vikna fyrirvara til að taka hlutabréfin úr viðskiptum en ef um er að ræða meiriháttar viðskipti með bréfin og stóran hóp hluthafa getur Kauphöllin ákveðið að fresta því að hlutabréfin verði tekin úr viðskiptum. Kauphöllin ákveður í hverju tilviki fyrir sig hvaða dag hlutabréf verða tekin úr viðskiptum.

1.1.29 Kauphöllin getur ákveðið að hlutabréf verði ekki tekin úr viðskiptum, þrátt fyrir beiðni félags samkvæmt ákvæði 1.1.28, ef líkur eru til að það mundi valda fjárfestum verulegu tjóni eða hefði neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins.

1.1.30 Kauphöllin getur ákveðið einhliða að taka hlutabréf félagsins úr viðskiptum í þeim tilfellum:

- 1) þegar farið hefur verið fram á gjaldþrotaskipti, slitameðferð eða sambærileg beiðni hefur verið lögð fram af félaginu eða þriðja aðila við dómstóla eða yfirvöld,
- 2) þegar félag uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku hlutabréfa til viðskipta, að því gefnu að:
 - i. félag hafi ekki lagfært stöðuna innan tíma sem Kauphöllin ákvarðar. Sá tími skal þó ekki vera lengri en sex mánuðir undir venjulegum kringumstæðum,
 - ii. engir aðrir möguleikar séu fyrir hendi til að lagfæra stöðuna,
 - iii. félag uppfylli ekki skilyrðin að verulegu leyti.
- 3) þegar Kauphöllin telur að áframhaldandi viðskipti með hlutabréfin geti skaðað verðbréfamarkaðinn eða hagsmuni fjárfesta eða
- 4) þegar félag hefur ekki greitt gjöld í samræmi við gjaldskrá Kauphallarinnar á gjalddaga.

1.1.31 Ákvörðun um að taka hlutabréf félags úr viðskiptum samkvæmt ákvæði 1.1.30 er í höndum Kauphallarinnar.

1.2 Ferlið vegna töku hlutabréfa til viðskipta

1.2.1 *Undirbúningsfundur*

Áður en sótt er um töku hlutabréfa til viðskipta í fyrsta skipti skulu útgefandi og umsjónaraðili óska eftir fundi með Kauphöllinni vegna fyrirhugaðrar umsóknar.

1.2.2 *Umsókn um töku hlutabréfa til viðskipta*

Í umsókn um töku hlutabréfa til viðskipta skal gefa stutta lýsingu á félaginu, starfsemi þess og markmiði með töku hlutabréfanna til viðskipta. Einnig skulu upplýsingar um eftirfarandi atriði koma fram:

1. hlutafé og dreifingu þess, þar með talið fjöldi hluthafa.
2. útboð, ef það er fyrirhugað samhliða töku hlutabréfanna til viðskipta, ásamt upplýsingum um fjölda hluta sem boðnir verða til sölu og helstu skilmála útboðsins.
3. umsjónaraðila vegna töku hlutabréfanna til viðskipta og umsjónaraðila útboðsins ef við á.
4. fulltrúa félagsins gagnvart Kauphöllinni.

Umsókn skal undirrituð af stjórn félagsins eða öðrum sem til þess hefur umboð og umsjónaraðila sem hefur milligöngu gagnvart Kauphöllinni.

Eyðublöð vegna töku hlutabréfa til viðskipta er að finna á vefsetri Kauphallarinnar, <http://www.nasdaqomx.com/>

1.2.3 **Fylgigögn með umsókn**

Með umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. drög að lýsingu.
2. útfyllt skrá yfir millitilvísanir.
3. endurskoðaðir ársreikningar félagsins undanfarin þrjú ár, nema undanþága hafi verið veitt, áritaðir af löggiltum endurskoðanda auk milliuppgjörs vegna yfirstandandi árs ef við á.
4. opinber staðfesting á skráðu hlutafé félagsins.
5. listi yfir hlutafjäreign 20 stærstu hluthafa og aðila fjárhagslega tengda þeim, svo sem maka, sambýlinga, ófjárráða börn og lögaðila sem þeir hafa yfirráð yfir.
6. gildandi samþykktir félagsins.
7. listi yfir innherja samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti. Reglur um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja hafi útgefandi sett sér slíkar reglur.
8. tímaáætlun vegna töku hlutabréfanna til viðskipta sem unnin hefur verið í samráði við Kauphöllina.

Kauphöllinni er heimilt að óska þess að lögð séu fram frekari gögn sem talið er að geti haft þýðingu vegna töku hlutabréfanna til viðskipta.

Skrár yfir millitilvísanir og eyðublöð vegna töku hlutabréfanna til viðskipta er að finna á vefsetri Kauphallarinnar, www.nasdaqomx.com.

1.2.4 **Almenn skilyrði**

Áður en að töku hlutabréfa til viðskipta kemur skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Félag skal hafa undirritað samning við Kauphöllina um töku hlutabréfanna til viðskipta.
2. Lögð skal fram staðfest lýsing.
3. Ársreikningar (samstæðureikningar ef við á) skulu vera aðgengilegir almenningi og þá skal unnt að nálgast hjá félaginu án endurgjalds.
4. Samþykktir skulu vera aðgengilegar almenningi og þær skal unnt að nálgast hjá félaginu án endurgjalds.
5. Hlutfé skal vera að fullu greitt.
6. Stjórnendur félagsins skulu hafa setið námskeið Kauphallarinnar um upplýsingagjöf.
7. Útgefandi skal tilnefna tengilið við Kauphöllina. Tilkynna skal Kauphöllinni án tafar ef tengiliður lætur af störfum og hver tekur við starfinu.

Mikilvægt er að tengiliður sé vel upplýstur um öll helstu málefni útgefandans og lög og reglur á markaði. Tryggja þarf aðgengi Kauphallarinnar að tengilið og að útnefndur sé staðgengill fyrir tengilið.

1.3 Lýsing

1.3.1 *Upplýsingar í lýsingu*

Lýsing skal innihalda þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda og ábyrgðaraðila, ef við á, sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Yfirlit yfir þær upplýsingar sem skulu koma fram eru tilgreindar í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

1.3.2 *Aðrar lýsingar*

Kauphöllin tekur gildar lýsingar ásamt viðaukum sem staðfestar hafa verið af lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Kauphöllin getur tekið gildar lýsingar staðfestar af til þess bærum aðilum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

UPPLÝSINGASKYLDA ÚTGEFANDA HLUTABRÉFA

2. ALMENNAR REGLUR UM BIRTINGU UPPLÝSINGA

2.1 Almenn ákvæði

Félagi ber, eins fljótt og unnt er, að birta upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem eru „verðmótandi“. Í reglum þessum skal túlka „verðmótandi“ upplýsingar sem þær upplýsingar sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfa félags sem tekin hafa verið til viðskipta í samræmi við gildandi landslög.

Þetta almenna ákvæði tekur til aðstæðna sem krefjast birtingar upplýsinga og ekki er fjallað um í öðrum köflum þessara reglna. Gildandi landslög eru, í Svíþjóð: Lag om Värdepappersmarknaden; í Finnlandi: Arvopaperimarkkinalaki; í Danmörku: Lov om Værdipapirhandel; á Íslandi: Lög um verðbréfavíðskipti. Orðalag almenna ákvæðisins skal ekki túlka sem reglu er rýmka, eða er ætlað að rýmka, ákvæði gildandi löggjafar.

Félagi ber að tryggja að allir markaðsaðilar hafi samtímis aðgang að öllum verðmótandi upplýsingum um félagið. Félaginu ber einnig að tryggja að með slíkar upplýsingarnar sé farið sem trúnaðarmál og að engir óviðkomandi aðilar fái aðgang að upplýsingunum áður en þær eru birtar. Þar af leiðandi mega verðmótandi upplýsingar ekki berast greiningaraðilum, fréttamönnum eða öðrum aðilum, hvorki einstaklingum né hópum, nema slíkar upplýsingar séu samtímis birtar opinberlega. Framangreint hindrar þó ekki upplýsingagjöf til annarra aðila á vettvangi venjubundinna starfa þeirra, atvinnu eða verkefna.

Almenna ákvæðið kveður einnig á um að birta skuli allar verðmótandi upplýsingar varðandi félagið eins fljótt og unnt er (sjá einnig ákvæði 2.3 „Tímasetning upplýsingagjafar“). Birting upplýsinga skal vera í samræmi við landslög og þau skilyrði sem kveðið er á um í ákvæði 2.5 „Aðferðir“.

Mat á því hvort upplýsingar teljist vera verðmótandi skal byggt á forsendum og aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig og ef vafi leikur á slíku er félaginu heimilt að leita ráða hjá Kauphöllinni. Starfsmenn Kauphallarinnar eru bundnir þagnarskyldu. Félagið ber þó ávallt endanlega ábyrgð á því að upplýsingaskyldu þess sé gætt.

Mat á því hvort gera megi ráð fyrir verðmótandi áhrifum getur falið í sér athugun á eftirfarandi þáttum:

- væntanlegu umfangi eða vægi ákvörðunar, forsendna eða aðstæðna í hlutfalli við heildarstarfsemi félagsins;
- mikilvægi upplýsinganna fyrir helstu áhrifaþætti er stýra verðlagningu á verðbréfum félagsins; og
- öllum öðrum markaðsbreytum sem kynnu að hafa áhrif á verðbréfaverðið.

Ef upplýsingarnar hafa borist félaginu frá utanaðkomandi aðila er einnig heimilt að taka tillit til áreiðanleika slíkra heimilda.

Að auki er heimilt að byggja mat á því hvort svipaðar upplýsingar hafi áður haft verðmótandi áhrif eða hvort félagið sjálft hafi áður túlkað svipaðar aðstæður sem verðmótandi. Slíkt skal vissulega ekki koma í veg fyrir að félög geri breytingar á stefnu sinni varðandi birtingar á verðmótandi upplýsingum, en forðast ber ósamræmi í meðferð sambærilegra upplýsinga.

Eins og áður er getið ber félagi að birta upplýsingar opinberlega þegar „líklegt má telja“ að þær hafi marktæk áhrif á verðbréfaferð. Raunveruleg verðbreyting á bréfum þarf ekki að eiga sér stað. Áhrif á verðbréfaferð geta verið af ólíkum toga og þau ber að ákvarða út frá aðstæðum í hverju félagi fyrir sig, m.a. með hliðsjón af undanfarandi þróun hlutabréfaferðs, viðkomandi atvinnugrein og ríkjandi markaðsaðstæðum. Samkvæmt þessu ákvæði kann upplýsingaskylda því t.d. að gilda við eftirfarandi aðstæður:

- tilboð eða ákvarðanir um fjárfestingar;
- samstarfssamninga eða aðra mikilvæga samninga;
- breytingar á verði eða gengi gjaldmiðla;
- tap á lánstrausti eða missi viðskiptavina;
- nýr samrekstur (e. joint venture);
- niðurstöður rannsókna;
- upphaf eða niðurstöðu lagalegs ágreinings eða ákvarðana þar að lútandi;
- fjárhagslega erfiðleika;
- ákvarðanir stjórnvalda;
- hluthafasamkomulag sem félagið hefur vitneskju um og varðar beitingu atkvæðisréttar eða framseljanleika hlutabréfa;
- orðróm á markaðnum;
- viðskiptavakasamninga; og
- upplýsingar um dótturfélög og hlutdeildarfélög.

Nákvæmari lýsing á nokkrum þessara dæma fylgir hér á eftir.

Tilboð eða ákvarðanir um fjárfestingar; samstarfssamningar

Ef félag birtir opinberlega tilkynningu um meiriháttar tilboð er mikilvægt að í henni séu upplýsingar um virði tilboðsins, þar með talið sjálfa afurðina eða aðra efnislega þætti tilboðsins og það tímabil sem tilboðið tengist. Telja má að tilboð sem tengjast nýjum afurðum, nýjum notkunarsviðum, nýjum viðskiptavinum eða tegundum viðskiptavina og nýjum mörkuðum geti haft verðmótandi áhrif við ákveðnar aðstæður. Hvað varðar samstarfssamninga kann að vera erfitt að meta fjárhagsleg áhrif þeirra og því er afar mikilvægt að veita verðbréfamarkaðnum nákvæmar upplýsingar um viðkomandi ástæður, tilgang og áætlanir.

Fjárhagslegir erfiðleikar

Ef félag lendir í fjárhagserfiðleikum, svo sem greiðsluferfiðleikum eða greiðslufresti, og missir jafnframt stjórn á aðstæðum sínum þannig að mikilvægar ákvarðanir eru teknar af öðrum aðilum, t.d. lánveitendum eða stærstu hluthöfum, má vænta þess að slíkt hafi verðmótandi áhrif.

Áðurnefnd atriði firra ekki félagið þeirri ábyrgð að gegna upplýsingaskyldu sinni og skal það því áfram bera ábyrgð á opinberri birtingu upplýsinga. Félagið gerir slíkt með því að afla sér stöðugt upplýsinga um gang mála hjá fulltrúum lánveitenda, stærstu hluthöfunum, o.s.frv. Á grundvelli upplýsinga sem þannig er aflað er hægt að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi upplýsingagjöf.

Ekki er óalgengt að lánasamningar innihaldi ýmiss konar skilyrði um eiginfjárhluftfall, veltu, lánshæfismat eða þess háttar (lánaskilmálar, e. covenants) og ef ekki er staðið við þessar takmarkanir getur lánveitandinn krafist þess að lánasamningurinn sé endurskoðaður. Slíkar vanefndir kunna að fela í sér verðmótandi áhrif og því þarf að birta opinberlega upplýsingar um þær.

Ákvarðanir stjórnvalda

Jafnvel þótt félagi reynist örðugt að fylgja eftir málum sem stjórnvöld eða dómstólar taka ákvörðun um ber það engu að síður ábyrgð á því að upplýsa verðbréfamarkaðinn opinberlega um slíkar ákvarðanir eins fljótt og auðið er. Upplýsingarnar skulu vera nægilega útarlegar og viðeigandi frá sjónarhóli markaðarins að hægt sé að meta áhrifin á félagið og starfsemi þess, afkomu og fjárhagsstöðu og því getur verið misjafnt hve mikilla upplýsinga er þörf hverju sinni.

Ef ógerningur er fyrir félag að setja fram álitserð um afleiðingar ákvörðunar stjórnvalds eða dómstóls er því heimilt í fyrstu að birta tilkynningu um viðkomandi ákvörðun. Jafnskjótt og félagið hefur metið áhrif ákvörðunarinnar, ef einhver eru, ber því að birta nýja tilkynningu þar að lútandi.

Upplýsingar varðandi dótturfélög og hlutdeildarfélag

Ákvarðanir, forsendur og aðstæður er snerta samstæðu eða einstök dótturfélög, og í sumum tilvikum einnig hlutdeildarfélag, gætu sömuleiðis haft verðmótandi áhrif. Mat á slíku er eðli málsins samkvæmt háð lagalegu umhverfi og rekstrarlegri uppbyggingu samstæðunnar, sem og öðrum aðstæðum.

Sú staða gæti komið upp að hlutdeildarfélag birti sjálft upplýsingar sem varða starfsemi þess óháð því hvort viðkomandi félag sé skylt að hlíta þess háttar upplýsingaskyldu eður ei. Í slíkum tilvikum ber (móður) félaginu sem hefur hlutabréf sín í viðskiptum, að meta hvort slíkar upplýsingar kunni að hafa verðmótandi áhrif á verðbréf félags sem er í viðskiptum í Kauphöllinni og, ef svo er, birta viðeigandi upplýsingar í samræmi við almenna ákvæðið.

Þegar dótturfélag hefur hlutabréf sín í viðskiptum í kauphöll geta aðstæður innan þess félags verið verðmótandi fyrir verðbréf móðurfélagsins og ber þá móðurfélaginu að birta upplýsingar þar um. Ef móðurfélagið telur upplýsingarnar ekki vera afgerandi og fjárfestar hafa fullnægjandi upplýsingar til að meta gildi tilkynningar dótturfélagsins er yfirleitt ekki þörf á því að móðurfélagið birti aðra tilkynningu með sömu upplýsingum og dótturfélagið hefur þegar birt. Móðurfélaginu ber þó að birta tilkynningu ef nauðsynlegt er að leggja mat á aðstæður frá sjónarhóli þess, t.d. ef erfitt er að ráða af tilkynningu dótturfélagsins hvaða afleiðingar viðkomandi aðgerðir kunni að hafa fyrir móðurfélagið. Í slíkum tilvikum ætti einnig að fara að ákvæðum reglunnar um „réttar og viðeigandi upplýsingar“. Æskilegt er að félög innan sömu samstæðunnar hafi með sér samstarf um opinbera birtingu tilkynninga,

Óvænt og afgerandi frávik í afkomu eða fjárhagsstöðu

Verði afgerandi frávik í afkomu eða fjárhagsstöðu félagsins frá því sem eðlilegt hefði verið að gera ráð fyrir á grundvelli fjárhagsupplýsinga sem það hefur áður birt skal félagið birta upplýsingar um breytinguna ef hún er talin verðmótandi.

2.2 Réttar og viðeigandi upplýsingar

Upplýsingar sem félag birtir opinberlega skulu vera réttar, viðeigandi og skýrar og á engan hátt misvísandi.

Upplýsingar um ákvarðanir, forsendur og aðstæður skulu vera nægilega ítarlegar til þess að hægt sé að meta áhrif þeirra á félagið sjálft, afkomu þess og fjárhagsstöðu, eða á verð verðbréfa þess.

Upplýsingar sem félag birtir skulu endurspeglar raunverulegar aðstæður þess og mega ekki vera misvísandi eða ónákvæmar á nokkurn hátt. Krafa um að upplýsingarnar séu viðeigandi kveður á um að þær innihaldi staðreyndir sem veita fullnægjandi vísbendingar til að meta á hvern hátt upplýsingarnar kunni að hafa áhrif á verðbréfafeverð félagsins.

Seinni hluti ákvæðisins kveður á um að upplýsingarnar skuli vera „nægilega ítarlegar til þess að hægt sé að meta áhrif þeirra á félagið sjálft, afkomu þess og fjárhagsstöðu, eða á verð verðbréfa þess“ og því kunna einnig upplýsingar sem ekki koma fram í tilkynningu að valda því að hún sé ónákvæm eða misvísandi. Upplýsingar í tilkynningum þurfa að vera fullbúnar til birtingar.

Í sumum tilvikum, svo sem við samruna og yfirtöku, getur reynst nauðsynlegt að birta upplýsingar á ólíkum stigum ferlisins. Þegar viðskiptum eða ákveðnum þáttum þeirra er ekki enn lokið, en gert er ráð fyrir að frekari upplýsingar verði birtar síðar, ber félaginu að vísa til yfirstandandi verkþátta og gefa síðan nánari upplýsingar í fyllingu tímans. Alla jafna ættu félög þó að forðast birtingu upplýsinga í áföngum.

2.3 Tímasetning upplýsingagjafar

Allar upplýsingar sem þessar reglur taka til skal birta opinberlega eins fljótt og unnt er nema annað sé sérstaklega tekið fram. Ef verðmótandi upplýsingum er af ásettu ráði komið á framfæri við þriðja aðila sem ekki er bundinn þagnarskyldu skal birta upplýsingarnar opinberlega samtímis.

Heimilt er að fresta birtingu upplýsinga í samræmi við gildandi landslög.

Tilkynna skal um allar verulegar breytingar á áður birtum upplýsingum eins fljótt og unnt er. Sömuleiðis skal tilkynna um leiðréttingar á villum í upplýsingum sem félag hefur birt um leið og þær uppgötvast nema um óverulegar villur sé að ræða.

Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að allir markaðsaðilar hafi samtímis aðgang að sömu upplýsingum. Ákvæðið um að upplýsa markaðinn eins fljótt og unnt er felur í sér að mjög stuttur tími má líða frá því að ákvörðun er tekin eða atvik á sér stað þar til upplýsingar um málið eru birtar opinberlega. Yfirleitt ætti tíminn ekki að vera lengri en sem nemur þeim tíma sem tekur að afla viðkomandi upplýsinga og dreifa þeim, en jafnframt er nauðsynlegt að gæta þess að upplýsingarnar séu fullbúnar til birtingar þannig að upplýsingagjöfin verði nægilega ítarleg. Enda þótt drög að tilkynningum séu venjulega útbúin áður en fyrirhuguð ákvarðanatöku fer fram, kveða reglurnar ekki á um að tilkynning sé birt t.d. meðan stjórnarfundur fer fram eða við aðrar ákvarðanatökur. Birtingin fer þá fram að fundi loknum.

Samkvæmt þessum reglum er óheimilt að veita verðmótandi upplýsingar, t.d. á hluthafafundum eða kynningum með greiningaraðilum, án þess að birta þær opinberlega. Ef félag hefur í hyggju að veita verðmótandi upplýsingar á slíkum fundi eða kynningu ber því – eigi síðar en samtímis – að birta hinar nýju og verðmótandi upplýsingar í formi tilkynningar í samræmi við ákvæði 2.5 (Aðferðir).

Í samræmi við landslög er í ákveðnum tilvikum heimilt að fresta birtingu verðmótandi upplýsinga. Í slíkum tilvikum ber félaginu að tryggja að farið sé að öllum viðeigandi lagaákvæðum er varða slíka upplýsingatöf.

Þegar félag tilkynnir um verulegar breytingar á áður birtum upplýsingum skal birta þá tilkynningu eftir sömu leiðum og notast var við þegar upplýsingarnar voru áður birtar. Ef um er að ræða breytingar á fjárhagsupplýsingum er yfirleitt ekki nauðsynlegt að endurbirta allar fjárhagsupplýsingar. Þess í stað er heimilt að birta breytingarnar í tilkynningu sem dreift er með svipuðum hætti og fjárhagsupplýsingunum var dreift.

2.4 Upplýsingaleki

Komist félag að því að verðmótandi upplýsingar hafi lekið áður en birting þeirra átti sér stað ber félaginu að tilkynna það opinberlega án tafar. Ef verðmótandi upplýsingum er óviljandi komið á framfæri við þriðja aðila sem ekki er bundinn þagnarskyldu skal birting fara fram þegar í stað.

Komið getur fyrir að upplýsingar um félag verði opinberar án þess að félagið sjálft hafi birt þær opinberlega. Í slíkum tilvikum skal félagið meta hvort slíkar upplýsingar geti talist verðmótandi og hvort grundvöllur hafi skapast fyrir upplýsingaskyldu í samræmi við hið almenna ákvæði. Matið tekur meðal annars tillit til nákvæmni upplýsinganna og hvort að baki þeim liggi hugsanlegar innherjaupplýsingar frá sjálfu félaginu. Ef upplýsingarnar reynast í stórum dráttum réttar og eru í raun verðmótandi fyrir félagið ber félaginu að meta hvort því hafi tekist að tryggja trúnað um slíkar upplýsingar eða hvort verðmótandi upplýsingum hafi verið lekið til markaðarins (sjá einnig ákvæði 2.3 um tímasetningu upplýsinga).

Orðrómur á markaði eða getgátur fjölmiðla varðandi félagið geta átt sér stað þó svo upplýsingum hafi ekki verið lekið frá félaginu. Félaginu ber ekki skylda til að fylgjast með orðrómi á markaði né heldur bregðast við órökstuddum orðrómi eða öðrum ónákvæmum eða misvísandi upplýsingum frá þriðja aðila. Í slíkum tilvikum getur félagið brugðist við með að segja að það „veiti engar upplýsingar“ (e. no comment). Hins vegar, ef ósannur orðrómur hefur afgerandi áhrif á verðbréfaferð félags er því hins vegar heimilt að senda frá sér tilkynningu í þeim tilgangi að veita markaðnum réttar upplýsingar og stuðla að edlilegri verðmyndun. Ef slíkur orðrómur stendur edlilegum viðskiptum fyrir þrifum skal Kauphöllin taka afstöðu til þess hvort grípa skuli til aðgerða, svo sem að stöðva viðskipti.

2.5 Aðferðir

Upplýsingar sem eru birtar í samræmi við reglur þessar skulu birtar opinberlega, eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

Samhliða opinberri birtingu skal félag senda Kauphöllinni upplýsingarnar í eftirlitsskyni á þann hátt sem Kauphöllin ákveður.

Í tilkynningum skal koma fram tími og dagsetning birtingar, nafn viðkomandi félags, veffang, nafn tengiliðar og símanúmer.

Þær upplýsingar sem skipta mestu máli skulu koma skýrt fram í upphafi tilkynningarinnar. Í fyrirsögn skal koma fram meginefni tilkynningarinnar.

Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að allir markaðsaðilar hafi samtímis aðgang að samskonar upplýsingum. Upplýsingar sem sendar eru í eftirlitsskyni skulu sendar rafrænt á þann hátt sem Kauphöllin kveður á um. Félagi er heimilt að hafa samband við Kauphöllina til að fá leiðbeiningar um framkvæmdina.

2.6 Vefsíða

Félagi ber að halda úti eigin vefsíðu sem veitir aðgang í þrjú ár hið minnsta að þeim upplýsingum sem því er skylt að birta samkvæmt reglum um upplýsingaskyldu sem hvílir á félaginu.

Fjárhagsupplýsingar skulu þó vera aðgengilegar í fimm ár að lágmarki eftir að þær hafa verið birtar.

Setja skal upplýsingarnar á vefsíðuna eins fljótt og unnt er eftir að þær hafa verið birtar. Félagi er skylt að halda úti eigin vefsíðu til að tryggja að markaðurinn hafi aðgang að upplýsingum um félagið.

Þetta ákvæði gildir frá þeim degi er félag sækir um að hlutabréf þess verði tekin til viðskipta. Ákvæðið gildir einnig um ársskýrslur og lýsingar sé þess kostur.

REGLULEG UPPLÝSINGASKYLDA

2.7 Fjárhagsupplýsingar

Félag skal útbúa allar fjárhagsupplýsingar í samræmi við lög og reglur um reikningskil sem gilda um félagið.

Félagi er skylt að birta endurskoðaðan ársreikning eða, ef við á, samstæðureikning.

Félagi er skylt að birta árshlutareikning eða, ef við á, samstæðureikning, vegna fyrstu þriggja, sex og níu mánaða reikningsársins. Félagi er heimilt að birta greinargerð frá stjórn, í samræmi við lög, í stað árshlutareiknings vegna fyrstu þriggja og fyrstu níu mánaða reikningsársins.

Við gerð reikningsskila er félagi skylt að beita Alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

2.8 Birtingartími fjárhagsupplýsinga

Félag skal birta endurskoðaðan ársreikning eigi síðar en þremur mánuðum frá lokum reikningsársins.

Félagi er heimilt að birta óendurskoðuð ársreikningsskil og skal það gert eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum reikningsársins. Endurskoðaður ársreikningur skal þá birtur eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum reikningsársins.

Félag skal birta árshlutareikning eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum hvers reikningstímabils.

Birti félag greinargerð frá stjórn í stað árshlutareiknings vegna fyrstu þriggja og fyrstu níu mánaða reikningsársins skal það gert innan þeirra tímamarka sem lög kveða á um.

Ef félag birtir óendurskoðuð ársreikningsskil skulu þau vera svo ítarleg að í endurskoðuðum ársreikningi komi ekki fram neinar viðbótarupplýsingar sem reynst gætu verðmótandi. Komi nýjar verðmótandi upplýsingar fram eftir birtingu á óendurskoðuðum ársreikningsskilum skulu þær birtar opinberlega eins fljótt og unnt er í samræmi við ákvæði 2.1.

Ef fram kemur við undirbúning fjárhagsupplýsinga að viðkomandi upplýsingar komi til með að víkja verulega frá afkomuspá eða því sem eðlilegt væri að álykta frá áður gefnum upplýsingum, skal félagið birta án tafar tilkynningu um frávik, sbr. ákvæði 2.1 og 2.12.

2.9 Tilkynning með fjárhagsupplýsingum

Félag skal birta tilkynningu með öllum reikningsskilum.

Tilkynning skal hefjast á yfirliti þar sem fram koma allar helstu lykiltölur reikningsskila, þar með talið hagnaður á hlut, sem og upplýsingar um afkomuspá ef slík spá er sett fram.

Í tilkynningu með endurskoðuðum ársreikningi eða óendurskoðuðum ársreikningsskilum skulu koma fram upplýsingar um dagsetningu aðalfundar og upplýsingar um tillögu stjórnar um úthlutun arðs (arðsfjárhæð á hlut) ef slík tillaga liggur fyrir þegar tilkynningin er birt. Ef stjórn setur ekki fram tillögu um úthlutun arðs skal það tekið skýrt fram í tilkynningunni.

„Almennu ákvæðið“ (2.1) um birtingu verðmótandi upplýsinga skal haft til hliðsjónar við mat á því hvaða upplýsingar úr reikningsskilum eru settar fram í tilkynningu. Sérstaklega skal gætt að því að tilkynningin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru varðandi „réttar og viðeigandi upplýsingar“ í ákvæði 2.2. Samræmi skal vera í framsetningu upplýsinga í tilkynningum með fjárhagsupplýsingum á milli reikningstímabila.

Ef félag setur fram afkomuspá eða aðrar upplýsingar sem varða framtíðarhorfur í ársreikningi eða árshlutareikningum, sbr. ákvæði 2.122.11, skulu upplýsingarnar birtar undir sérstakri yfirskrift í tilkynningu félagsins.

Ef tillaga stjórnar um úthlutun arðs liggur ekki fyrir þegar fjárhagsupplýsingar eru birtar skal birta tillöguna þegar hún liggur fyrir.

2.10 Áritun endurskoðanda

Ársreikningur og áritun endurskoðanda skulu mynda eina heild. Ef áritun er ekki á stöðluðu formi skal félag vekja athygli á árituninni og efni hennar í upphafi tilkynningar skv. ákvæði 2.9.

Ef félag hefur birt óendurskoðuð ársreikningsskil skv. ákvæði 2.8 ber því að birta áritun endurskoðanda eins fljótt og unnt er ef hún er ekki á stöðluðu formi ásamt endurskoðuðum ársreikningi.

Ef endurskoðendur hafa ekki áritað árshlutareikninginn skal það koma fram í árshlutaskýrslu stjórnar. Hafi endurskoðendur áritað árshlutareikninginn og ef áritunin er ekki á stöðluðu formi skal félag vekja athygli á árituninni og efni hennar í upphafi tilkynningar skv. ákvæði 2.9.

Áritun endurskoðanda telst ekki á stöðluðu formi ef endurskoðandi hefur t.d. bætt við ábendingarmálgrein eða ef áritun er með fyrirvara, án álits eða neikvæðu áliti.

2.11 Dagatal félags

Félagi ber að birta dagatal þar sem fram koma dagsetningar um fyrirhugaða birtingu óendurskoðaðra ársreikningsskila, ef við á, endurskoðaðra ársreikninga, árshlutareikninga og/eða greinargerða frá stjórn, sem og fyrirhugaða dagsetningu aðalfundar.

Birta skal dagatalið áður en nýtt fjárhagsár hefst.

Ef breyting verður á dagsetningu sem tilgreind er í dagatalinu skal félag birta tilkynningu um nýja dagsetningu eins fljótt og unnt er, helst eigi síðar en viku fyrir áður tilkynnta dagsetningu ef um seinkun birtingar er að ræða eða viku fyrir nýja dagsetningu ef ætlunin er að birta fyrr en áætlað var í dagatalinu.

Í tilkynningu félagsins skal einnig tilgreint, ef hægt er, hvenær dags hver birting fer fram.

ÖNNUR UPPLÝSINGASKYLDA

2.12 Afkomuspár og yfirlýsingar um framtíðarhorfur

Ef félag birtir afkomuspá skal það veita upplýsingar um þær forsendur eða undirliggjandi skilyrði sem slík spá byggir á. Afkomuspár skulu settar fram á eins ótvíræðan og mótsagnalausan hátt og unnt er. Ef félag birtir aðrar yfirlýsingar um framtíðarhorfur skulu þær einnig settar fram á ótvíræðan og mótsagnalausan hátt.

Ef félag væntir þess með nokkurri vissu að fjárhagsafkoma þess eða fjárhagsstaða víki verulega frá afkomuspá sem félagið hefur þegar birt og að slíkt frávik sé verðmótandi, þá ber því að birta tilkynningu um frávikið eins fljótt og unnt er. Í tilkynningunni skal afkomuspáin, sem félagið setti upphaflega fram, einnig birt.

Reglan kveður ekki á um skyldu til að birta afkomuspá. Félagi er það í sjálfsvald sett að ákveða hvort eða að hvaða marki það setur fram afkomuspá eða annars konar yfirlýsingu um framtíðarhorfur.

„Afkomuspá“ er skilgreind sem spá um niðurstöðutölu fyrir tilgreind reikningstímabil. Í spánni getur t.d. komið fram samanburður við fyrra tímabil (svo sem „nokkuð meira en á síðasta ári“) eða skírskotun til niðurstöðutölu eða lágmarks- eða hámarkstölu fyrir væntanlegan hagnað eða tap á umræddu reikningstímabili og/eða eftirfarandi reikningstímabilum. „Yfirlýsing um framtíðarhorfur“ felur í sér almennari lýsingu á væntanlegri framtíðarþróun félagsins.

Afkomuspár og aðrar yfirlýsingar um framtíðarhorfur skulu settar fram á ótvíræðan og mótsagnalausan hátt. Gera þarf skýra grein fyrir upplýsingum, t.d. um undirliggjandi skilyrði, svo að fjárfestum sé unnt að meta þær til hlítar. Upplýsingarnar skulu m.a. vera ótvíræðar hvað varðar þær niðurstöðutölur sem vísað er til og segja t.d. um hvort fjárhagsafkoma sé gefin upp fyrir eða eftir skatta, hvort upplýsingar um fjármunatekjur og fjármagnsgjöld séu innifaldar, hvort áhrif áætlaðra fyrirtækjakaupa séu talin með, o.s.frv. Einnig skal gefa upp tímaramma afkomuspárinnar. Afkomuspár og aðrar upplýsingar sem varða framtíðarhorfur skulu birtar undir sérstakri yfirskrift í tilkynningum. Í tengslum við breytingar á afkomuspá skal gæta þess að í tilkynningunni

sé afkomuspáin, eins og hún var sett fram upphaflega, einnig birt svo hægt sé að meta vægi breytinganna.

„Almenna ákvæðið“ (ákvæði 2.1) um birtingu verðmótandi upplýsinga skal einnig haft til hliðsjónar við túlkun á breytingum á afkomuspám. Reglan kveður á um að félagið birti upplýsingar um frávík frá fyrri afkomuspá þegar vænta má að slíkar breytingar muni reynast verðmótandi. Þegar tekin er ákvörðun um hvort breyting á afkomuspá sé það mikilvæg að félagið þurfi að birta tilkynningu skal leggja mat á frávikið út frá nýjustu upplýsingum um fjárhagsafkomu þess. Þegar tekin er ákvörðun um hvort birta skuli tilkynningu ætti félagið að taka mið af afkomuhorfum og almennri vitneskju um breytingar á efnahagsaðstæðum á þeim tíma sem eftir er af því tímabili sem afkomuspáin tekur til. Þættir sem hafa áhrif á slíkar horfur geta verið breytingar í starfsumhverfi félagsins og árstímabundnar aðstæður sem varða starfsemi þess. Einnig þarf að taka tillit til allra upplýsinga sem félagið hefur birt um áhrif utanaðkomandi aðstæðna á starfsemi þess, t.d. næmigreiningu vegna vöruverðs eða í tengslum við tiltekna markaðsþróun. Markaðsvæntingar, svo sem greiningarmat, eru ekki afgerandi í slíku mati; það sem aftur á móti er afgerandi eru upplýsingarnar sem félagið birtir og þær ályktanir sem með réttu er hægt að draga af þeim.

Ef félag hefur komist að þeirri niðurstöðu að breytingar á afkomuspá fyrir tiltekið tímabil verði að öllum líkindum verðmótandi ber því að birta tilkynningu þess efnis. Þegar slík breyting er birt skal hún einnig vera byggð á nægilegri þekkingu til að upplýsingar um hana séu bæði ótvíræðar og mótsagnalausar og ekki á nokkurn hátt misvísandi eða villandi (sjá einnig ákvæði 2.2).

2.13 Hluthafafundir

Birta skal tilkynningu um hluthafafundi.

Félagi ber að birta upplýsingar um ákvarðanir sem samþykktar eru á hluthafafundum nema um minni háttar ákvörðun sé að ræða. Þessi krafa gildir þótt slíkar ákvarðanir séu í samræmi við áður birtar tillögur. Hafi hluthafafundur heimilað stjórn félags að taka ákvörðun um tiltekið mál síðar, þá skal birta slíka ákvörðun stjórnar nema um minni háttar ákvörðun sé að ræða.

Alltaf skal birta fundarboð um hluthafafundi. Þetta gildir óháð því hvort tilkynningin hefur að geyma verðmótandi upplýsingar, hvort boðið er til fundarins með póstlögðu bréfi eða fundarboðið er gert opinbert með öðrum hætti (t.d. í dagblaði) og þótt ákveðnar upplýsingar í tilkynningunni hafi áður verið birtar í samræmi við reglur þessar.

Verðmótandi tillögur sem eru bornar fram á hluthafafundi skal birta eins fljótt og unnt er. Þetta merkir að birta verður verðmótandi tillögu eins fljótt og unnt er jafnvel þótt efni hennar verði síðar hluti tilkynningar. Ekki má birta tilkynningu síðar en þegar hún er send t.d. dagblaði til birtingar.

Jafnvel þótt tilkynning hafi ekki að geyma neinar verðmótandi upplýsingar verður hún almennt að vera birt á sama tíma og auglýsingin er send dagblaði. Hins vegar getur komið upp sú staða að vissar upplýsingar liggi ekki fyrir þegar drög að tilkynningu eru send dagblaði til birtingar. Þetta gæti verið ein ástæða til að bíða með birtingu þar til endanleg tilkynning liggur fyrir. Hins vegar skal ávallt birta tilkynninguna í síðasta lagi kvöldið áður en birta á hana í dagblaði og áður en hún er gerð aðgengileg á vefsíðu

félagsins. Því er ekki nægjanlegt að birta upplýsingarnar sama morgun og tilkynningin birtist í dagblaði.

Þegar um er að ræða minni háttar ákvarðanir gildir reglan t.d. um málefni af tæknilegum toga.

Ef félag hefur í hyggju að greina frá verðmótandi upplýsingum á hluthafafundi ber því að birta þær opinberlega eigi síðar en samtímis því sem upplýsingarnar eru kynntar á hluthafafundinum.

Þegar hluthafafundinum er lokið skal félagið eins fljótt og unnt er birta upplýsingar um þær ákvarðanir sem samþykktar voru á fundinum nema ákvörðunin sé minni háttar. Þessi krafa gildir þótt slíkar ákvarðanir séu í samræmi við áður birtar tillögur.

Samþykki hluthafafundar um að heimila stjórn félags að taka ákvörðun um tiltekið mál, svo sem útgáfu verðbréfa eða endurkaup á eigin hlutabréfum, skulu einnig birtar. Í slíkum tilvikum ber félaginu einnig að birta upplýsingar um ákvarðanir stjórnar um að nýta sér slíkar heimildir.

Tímamörk arðsúthlutunar:

Félag skal gera skilmerkilega grein fyrir tillögum er varða greiðslu arðs á aðalfundi. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í tilkynningunni og teljast verðmótandi fyrir bréfin:

- 1. Arðsfjárhæð á hlut og heildarfjárhæð arðgreiðslunnar.*
- 2. Ef greiðslan, eða hluti hennar, fer ekki fram í reiðufé skal greina nákvæmlega frá því í hverju greiðslan felst (t.d. ef greitt er með hlutabréfum, þ.m.t. eigin bréfum. Þá skal geta fjölda greiddra bréfa á hvern hlut, heildarfjölda bréfa sem ráðgert er að greiða í arð og viðmiðunargengis á bréfunum).*
- 3. Arðsréttindadagur (e. record date).*
- 4. Arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. hvenær viðskipti hefjast án arðsréttar.*
- 5. Útborgunardagur (e. payment date).*

Kauphöllin mælist til þess að viðskipti án arðsréttar hefjist eigi fyrr en næsta viðskiptadag eftir arðsákvörðunardag (sem venjulega er aðalfundardagur) og að greiðsla arðs fari fram eigi síðar en 30 dögum eftir arðsréttindadag. Fylgi útgefendur hlutabréfa ekki þessum tilmælum ber þeim að greina sérstaklega frá því.

Aðilar tilgreindir í hlutaskrá í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs. Hlutabréfaviðskipti í Kauphöllinni eru gerð upp á þriðja viðskiptadegi eftir að viðskipti eiga sér stað (uppgjörstíminn er T+3). Þegar uppgjörstími er T+3 er æskilegt að arðsréttindadagur sé í fyrsta lagi þriðji viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag (aðalfundardag) enda tryggir það að viðskipti án arðs hefjast ekki fyrr en daginn eftir að arðstillaga hefur verið samþykkt á hluthafafundi.

2.14 Útgáfa verðbréfa

Félagi ber að birta upplýsingar um allar tillögur og ákvarðanir um breytingar á hlutafé eða fjölda hluta eða á öðrum verðbréfum sem tengjast hlutum í félaginu nema um minni háttar útgáfu sé að ræða.

Birta skal upplýsingar um skilmála og skilyrði fyrir útgáfu verðbréfa.

Félagi ber að birta upplýsingar um útkomu útgáfunnar.

Í tilkynningu um verðbréfaútgáfu skulu allar mikilvægar upplýsingar um útgáfuna koma fram. Í tilkynningunni skal að lágmarki greint frá ástæðu útgáfunnar, væntanlegri heildarupphæð hennar, áskriftarverði og, ef við á, að hvaða aðilum útgáfan beinist. Í samræmi við þetta ákvæði skal einnig birta upplýsingar um útgáfu hlutabréfa (eða annarra verðbréfa) fyrir félagið sjálft, sem og ákvörðun um að flytja eigin bréf til þriðja aðila, sé slíkt heimilað í félagarétti viðkomandi ríkis.

Í tilkynningu um verðbréfaútgáfu skulu koma fram skilmálar og skilyrði varðandi útgáfuna og samkomulag eða skuldbindingar um áskrift hlutabréfa auk tímasetninga. Tilkynning félags um útkomu verðbréfaútgáfu skal, meðal annars, fela í sér upplýsingar um hvort full áskrift hafi verið fyrir útgáfunni og hvort réttur til umframáskrifta hafi verið nýttur. Almennt séð er einnig viðeigandi að birta aftur áskriftarverð, einkum ef ekki hefur verið selt á föstu verði (t.d. áskriftasöfnun).

Innlend skilyrði gætu krafist félög um að birta heildarfjölda hluta eða atkvæða í lok þess mánaðar er breyting átti sér stað nema slíkar upplýsingar hafi þegar verið birtar í mánuðinum.

2.15 Breytingar á stjórn, stjórnendum og endurskoðendum

Birta skal tillögur um breytingar á skipan stjórnar félags, sem og allar slíkar breytingar sem gerðar eru. Að auki skal birta helstu upplýsingar um breytingar meðal æðstu stjórnenda félags, þar með talið – en þó ekki einskorðað við – framkvæmdastjóra.

Í tilkynningu um nýjan stjórnarmann eða nýjan framkvæmdastjóra skulu koma fram viðeigandi upplýsingar um reynslu og fyrri störf viðkomandi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra.

Einnig skal birta tilkynningu ef skipt er um endurskoðanda.

Í öllum tilkynningum um nýjan stjórnarmann eða framkvæmdastjóra skulu koma fram upplýsingar um reynslu og fyrri störf viðkomandi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Til slíkra upplýsinga heyra, t.d., fyrrverandi og núverandi stjórnarmennska og viðeigandi menntun.

Skipurit félags stýrir því hvaða einstaklingar og stöður teljast gegna lykilhlutverkum. Allar breytingar innan félags sem varða framkvæmdastjóra þess og stjórnarmenn eru mikilvægar. Aðrar breytingar geta einnig verið mikilvægar og skulu birtar ef svo reynist vera. Þetta getur t.d. átt við um breytingar sem varða eftirlitsnefnd, framkvæmdastjórn, aðra aðila í stjórnunarstöðum eða aðila sem gegna ábyrgðarstörfum, eða staðgengla fyrrnefndra aðila. Frá sjónarhóli markaðarins fer mikilvægi lykilstjórnenda í mörgum tilvikum eftir því hvers eðlis starfsemi og skipulag viðkomandi félags er. Breytingar meðal stjórnenda mikilvægra dótturfélaga félagsins kunna einnig að vera verðmótandi fyrir félagið, einkum ef mikilvægum þáttum í rekstri þess er stjórnað af dótturfélögum.

2.16 Hlutabréfatengd hvatakerfi

Félagi ber að birta allar ákvarðanir um að innleiða hvatakerfi þar sem umbun tengist hlutabréfum. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um helstu skilmála og skilyrði kerfisins.

Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að veita fjárfestum vitneskju um þá þætti sem ætlaðir eru sem hvatning fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn, sem og þynningaráhrif hvatakerfanna, svo þeir geti betur áttað sig á mögulegum heildarskuldbindingum slíkra kerfa.

Í tilkynningum um hlutabréfatengd hvatakerfi skal að jafnaði koma fram:

- tegundir umbunar sem kerfin ná til;
- hópar sem kerfin ná til;
- tímaáætlun kerfisins;
- heildarfjöldi hlutabréfa sem kerfið nær til;
- markmið umbunarinnar og reglur um veitingu hennar;
- tímabil fyrir nýtingu réttar;
- samningsverð;
- helstu skilmálar og skilyrði sem þarf að uppfylla; og
- markaðsvirði hins hlutabréfatengda hvatakerfis, þar með talin lýsing á útreikningi á markaðsverði og helstu forsendur hans.

Reglan á aðeins við um hvatakerfi þar sem umbun tengist hlutabréfum. Hugtakið „hlutabréfatengd hvatakerfi“ á hér við um öll hvatakerfi þar sem viðkomandi aðilar fá hlutabréf, verðbréf sem fela í sér rétt til að eignast hlutabréf, eða önnur verðbréf sem eru verðlögð á hlutabréfaverði; kerfi án afhendingar verðbréfa þar sem greiðsla byggist á hlutabréfaverði, eða önnur kerfi með svipuðum eiginleikum.

Upplýsingar um „hópa sem kerfin ná til“ geta falið í sér almenna tilvísun til hópa á borð við stjórnarmenn, framkvæmdastjórn, almenna starfsmenn o.s.frv.

2.17 Viðskipti við nátengda aðila

Upplýsingar um viðskipti milli félags og nátengdra aðila sem fara ekki fram með venjulegum viðskiptahætti skulu birtar eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um slík viðskipti hefur verið tekin, nema augljóst sé að um minni háttar viðskipti sé að ræða.

Til „nátengdra aðila“ teljast framkvæmdastjórar, stjórnarmenn og aðrir stjórnendur í móðurfélaginu eða helstu dótturfélögum þess sem hafa mikil áhrif við ákvarðanatökur varðandi fjármál eða starfsemi móðurfélagsins eða viðkomandi dótturfélags. Lögaðilar undir stjórn þessara aðila og hluthafar sem ráða yfir meiru en tíu prósentu hlut eða atkvæðisrétti í félaginu eru einnig taldir vera nátengdir aðilar.

Til að tryggja traust og trúverðugleika skal birta upplýsingar um öll viðskipti við nátengda aðila, nema um minni háttar viðskipti sé að ræða.

Til dæmis þarf að birta tilkynningu ef nátengdur aðili, eins og skilgreint er í þessari reglu, kaupir alla eignarhluta dótturfélags af félagi. Samkvæmt þessari reglu skal birta tilkynningu jafnvel þótt dótturfélagið sé lítið í samanburði við móðurfélagið og kaupin hafi ekki áhrif á verðbréfaverð þess. Ekki er þörf á að birta tilkynningu ef viðskiptin eru óveruleg fyrir hlutadeigandi aðila. Þegar um er að ræða kaup á öllum eignarhlutum dótturfélags skal mat af hálfu félagsins byggjast á móðurfélaginu sem heild en ekki einvörðungu á stærð dótturfélagsins. Kaup á öllum eignarhlutum dótturfélags geta skipt máli fyrir hinn nátengda aðila og því skal birta tilkynningu ef viðskiptin eiga sér ekki stað eftir hefðbundnum viðskiptaleiðum.

Þetta ákvæði felur í sér að einvörðungu skal birta tilkynningar um viðskipti sem ekki fara fram með hefðbundnum hætti. Samkvæmt þessu er, t.d., ekki þörf á að birta

tilkynningar um viðskipti sem eru venjubundin og almennt opin mörgum starfsmönnum á svipuðum kjörum.

2.18 Kaup og sala fyrirtækja

Birta skal tilkynningu um kaup eða sölu félags eða fyrirtækis ef viðskiptin kunna að reynast verðmótandi.

Í tilkynningunni skal koma fram:

- kaupverð, nema sérstakar ástæður komi til;
- greiðslutilhögun;
- viðeigandi upplýsingar um hina keyptu eða seldu eign;
- tilefni viðskiptanna;
- væntanleg áhrif á starfsemi félagsins;
- tímaáætlun viðskiptanna; og
- allir helstu skilmálar og skilyrði sem gilda um viðskiptin, einkum ef slík atriði kunna að varða lögmæti þeirra.

Lýsa skal félaginu eða fyrirtækinu sem keypt er þannig að fram komi upplýsingar um meginstarfsemi þess, sögulegt yfirlit yfir fjárhagsafkomu og fjárhagsstaða.

Í fyrirtækjaviðskiptum eru gerðar sérstakar kröfur um að upplýsingar séu útarlegar. Upplýsingar sem birtar eru í tilkynningum um viðskipti gera markaðsaðilum kleift að meta fjárhagsleg áhrif kaupanna eða sölunnar, sem og áhrif slíkra viðskipta á starfsemi félagsins og áhrifin á verð eða verðgildi verðbréfa þess. Slíkt mat krefst að jafnaði fyrirliggjandi vitneskju um fjárhagsleg áhrif kaupanna eða sölunnar sem og vitneskju um áhrif viðskiptanna á starfsemi félagsins.

Félögum ber að birta upplýsingar um kaup- eða söluverð félags, því það er yfirleitt lykilatriðið þegar áhrif viðskiptanna eru metin. Í undantekningartilfellum er þó heimilt að halda leynd yfir kaup- eða söluverði eignar. Dæmi um slíkt er þegar kaupverðið skiptir ekki sköpum við mat á félagi sem hefur hlutabréf sín tekin til viðskipta í Kauphöllinni. Annað dæmi er þegar gerð er krafa um birtingu upplýsinga snemma í ferlinu – samkvæmt öðrum reglum um upplýsingagjöf – áður en samningum um verð hefur verið lokið. Við slíkar aðstæður er ekki hægt að birta upplýsingar um verðið, en um leið og samningar hafa tekist um verðið, skal birta viðkomandi upplýsingar. Ekki er óalgengt að kaupverðið tengist framtíðarhorfum þess félags sem keypt hefur verið. Í slíkum tilvikum skal félagið birta upplýsingar um áætlað heildarkaupverð þegar í stað og síðan, ef þess gerist þörf, uppfæra upphæðina í síðari tilkynningu. Félag getur ekki komist hjá upplýsingaskyldu sinni með því að semja við mótaðilann um að kaupverð eða aðrar upplýsingar verði ekki birtar.

Margs konar viðskipti geta talist verðmótandi og hægt er að meta þau á mismunandi hátt. Undir venjulegum kringumstæðum telur Kauphöllin að viðskipti séu verðmótandi ef þau snerta einhver eftirtalinna atriða:

- Viðkomandi eining jafngildir yfir tíu prósentu hlut af heildartekjum eða eignum félagsins;
- viðkomandi eining jafngildir yfir tíu prósentu hlut af eigin fé félagsins; eða
- upphæðin sem greidd er fyrir viðkomandi einingu jafngildir yfir tíu prósentum af eigin fé félagsins eða tíu prósentum af heildarmarkaðsvirði hlutabréfa félagsins, sem hafa verið tekin til viðskipta, ef samanlagt eigið fé er lægra en markaðsvirði verðbréfa þess.

Viðskipti sem uppfylla ekki ofangreind skilyrði geta engu að síður talist verðmótandi, t.d. vegna mikilvægis þeirra út frá áætlun eða stöðu félagsins.

Til viðeigandi upplýsinga má telja:

- Áhrif á rekstrarreikning eða efnahagsreikning vegna samþættingar á starfsemi eða, að öðrum kosti, áhrif sölunnar;
- Í tengslum við mjög stór kaup ættu viðbótarupplýsingar að koma fram í pro forma reikningum.

Í tengslum við kaup á rekstri getur verið sérstaklega mikilvægt að tilkynna kaupverðið, tegund starfseminnar sem keypt var, eignir og skuldir sem fylgja kaupunum, fjöldi starfsmanna sem færast yfir, o.s.frv.

Í sumum tilvikum væri hægt að líta á viðskipti sem veruleg jafnvel þótt þau hefðu ekki marktæk áhrif á framtíðarafkomu eða fjárhagsstöðu félagsins. Það er því ráðlegt að geta um slíkt í tilkynningunni.

2.19

Breytingar á félagi

Ef umtalsverðar breytingar verða á félagi á stuttum tíma, eða starfsemi þess að öðru leyti, þannig að líta megi á félagið sem nýtt fyrirtæki, þá ber félaginu að birta upplýsingar um breytingarnar og þær afleiðingar sem breytingarnar hafa í för með sér.

Þegar félag gengst undir verulegar breytingar og virðist, í kjölfar þeirra, vera alveg nýtt félag, þarf að veita sérstakar upplýsingar um það. Meta þarf breytingar á félaginu, t.d. ef sú starfsemi sem bætist við er mjög viðamikil og einkum ef um annars konar atvinnurekstur er að ræða en áður. Í orðalaginu „á stuttum tíma“ felst að hægjara þróunarferli innan félags fellur yfirleitt ekki undir þetta ákvæði.

Lagt er heildarmat á breytinguna. Þeir þættir sem að jafnaði er litið til þegar metið er hvort um breytingu á félagi sé að ræða eru, meðal annars, eftirfarandi:

- eignarhaldsform eða eignir;
- rekstur félags er seldur og í tengslum við það er nýr rekstur keyptur;
- velta eða eignir keypta félagsins eru meiri en velta eða eignir félagsins sjálfs;
- markaðsvirði keypta félagsins er hærra en markaðsvirði félagsins eða kaupverðið sem greitt var fyrir það, t.d. verðgildi nýútgefinna verðbréfa, er hærra en markaðsvirði félagsins;
- tilfærsla verður á stjórn félagsins vegna viðskipta; og
- breytingar verða á meirihluta stjórnarmanna eða stjórnenda félagsins í kjölfar viðskipta.

Ef flest eða öll ofangreindra atriða hafa átt sér stað er niðurstaða heildarmatsins sú að breyting hafi orðið á félaginu. Ef aftur á móti aðeins eitt eða tvö þessara atriða hafa átt sér stað er ekki víst að hægt sé að líta á félagið sem alveg nýtt fyrirtæki.

Þegar breyting á sér stað er afar mikilvægt að verðbréfamarkaðurinn fái útarlegri upplýsingar en ella. Veita verður jafnmiklar upplýsingar og kveðið er á um í reglum sem gilda um lýsingar. Þessi regla gildir enda þótt félagi beri ekki skylda til að útbúa slíka lýsingu samkvæmt lögum eða reglum. Veita þarf viðkomandi upplýsingar innan eðlilegra tímamarka

Séu upplýsingar sem félag veitir í tilkynningu um breytingar á starfsemi þess ófullnægjandi að mati Kauphallarinnar er hægt að athugunarmerkja verðbréf félagsins meðan nánari upplýsinga er beðið.

Einnig er heimilt að athugunarmerkja verðbréf félags ef Kauphöllin telur að breytingarnar á starfsemi þess séu það miklar að leggja megi að jöfnu við að nýtt félag sé tekið til viðskipta. Í slíkum tilvikum má draga í efa áframhaldandi viðskipti með félagið og Kauphöllin getur látið fara fram skoðun eins og um nýtt félag sé að ræða sem sækir um að hlutabréf þess verði tekin til viðskipta hjá Kauphöllinni. Hafa skal samband við Kauphöllina þegar breyting á félaginu er ráðgerð svo leysa megi mál sem varða áframhaldandi viðskipti félagsins á sem fyrirhafnarminnstan hátt. Lýsingu á því hvernig nýtt félag er tekið til viðskipta er að finna í kafla 1.2 („Ferlið vegna töku hlutabréfa til viðskipta“).

2.20 Ákvarðanir um töku til viðskipta

Félag skal birta tilkynningu þegar það sækir um að fá verðbréf sín tekin til viðskipta í Kauphöllinni í fyrsta skipti, sem og þegar það sækir um að verða að auki tekið til viðskipta á öðrum viðskiptavettvangi. Félaginu ber einnig að birta tilkynningu ef það sækir um að verðbréf þess séu tekin úr viðskiptum í Kauphöllinni eða af öðrum viðskiptavettvangi. Félagið skal einnig birta niðurstöður slíkra umsókna.

Reglan um upplýsingaskyldu öðlast gildi fyrir félag um leið og það sækir um að verðbréf þess verði tekin til viðskipta í kauphöll. Félagi er ekki skylt að birta upplýsingar ef hlutabréf þess hafa verið tekin til viðskipta án samþykkis félagsins þar sem engin birtingarskylda eða aðrar skyldur gilda ef hlutabréf hafa verið tekin til viðskipta með þeim hætti

2.21 Upplýsingar sem krafist er á öðrum viðskiptavettvangi

Þegar félag birtir mikilvægar upplýsingar samkvæmt reglum eða öðrum ákvæðum um upplýsingagjöf á öðrum skipulegum markaði eða viðskiptavettvangi, skulu upplýsingarnar samtímis birtar opinberlega.

Með þessari reglu skal tryggja að allir markaðsaðilar geti byggt ákvarðanir sínar um fjárfestingar á sömu upplýsingum. Skylt er að birta upplýsingar samtímis jafnvel þótt viðkomandi reglur um upplýsingaskyldu gildi ekki um upplýsingarnar sem á að birta.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU TIL KAUPHALLAR

2.22 Yfirtökutilboð

Í þeim tilvikum sem félag hefur undirbúið yfirtökutilboð í verðbréf annars félags sem hefur hlutabréf sín í viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði, ber félaginu að tilkynna Kauphöllinni hvenær vænta megi slíks yfirtökutilboðs.

Hafi félag fengið upplýsingar um að þriðji aðili ætli að gera hluthöfum þess yfirtökutilboð, og tilkynning um slíkt tilboð hefur ekki verið birt, skal félagið tilkynna Kauphöllinni hvenær vænta megi að fyrirætluninni um yfirtökutilboðið verði hrint í framkvæmd.

Pegar umræður innan félags um kaup á öðru félagi sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eru komnar á hátt stig skal Kauphöllinni tilkynnt um það með góðum fyrirvara. Þó þarf að vera rík ástæða til að ætla að slíkt tilboð verði gert. Kauphöllin mun nota viðkomandi upplýsingar til að fylgjast með því hvort óvanalegar verðbreytingar eigi sér stað og einnig til að koma í veg fyrir innherjaviðskipti.

Einnig skal tilkynna Kauphöllinni ef þriðji aðili hefur haft samband við félagið vegna þess að hann hefur í hyggju að gera hluthöfum þess yfirtökutilboð og rík ástæða er til að ætla að formlegt yfirtökutilboð verði gert.

Engin formleg ákvæði eru um hvernig tilkynna beri Kauphöllinni um slíkt og venjulega er það gert símleiðis við eftirlitsdeildina.

2.23 Fyrirframupplýsingar

Ef félag hyggst birta tilkynningu sem ætla má að muni hafa umtalsverð áhrif á verðbréfaferð þess skal félagið gera Kauphöllinni viðvart áður en tilkynning er birt.

Ef félagið ætlar að birta upplýsingar sem það telur að muni hafa umtalsverð áhrif á verðbréfaferð þess er mikilvægt að Kauphöllinni berist upplýsingarnar fyrirfram til að svigrúm sé til að kanna hvort grípa þurfi til einhverra ráðstafana. Kauphöllin gæti gripið inn í með því að stöðva viðskipti með bréf félagsins um hríð og afturkalla yfirstandandi tilboð til að markaðurinn fái tíma til að meta þessar nýju upplýsingar.

Fyrirframupplýsinga er ekki krafist ef viðkomandi upplýsingar koma fram í reglubundnum skýrslum, þar eð markaðurinn veit að félagið birtir mikilvægar upplýsingar við slík tækifæri.

UPPLÝSINGASKYLDA Í TENGLUM VIÐ LAUNAKJÖR STJÓRNENDA OG STJÓRNARHÆTTI FÉLAGSINS

2.24 Launagreiðslur til æðstu stjórnenda

Í ársreikningi skal tilgreina upplýsingar um laun, þ.m.t. hvers kyns skilyrtar og frestaðar greiðslur og hvers konar hlunnindi frá félaginu og/eða óvenjulega samninga félagsins á undangengnu fjárhagsári við einstaka stjórnarmenn og æðsta stjórnanda (forstjóra eða framkvæmdastjóra) sérstaklega.

Sé félag hluti af samstæðu skal upplýsa um sömu greiðslur, hlunnindi og/eða samninga til ofangreindra aðila frá félögum í samstæðunni.

Sömu upplýsingar skulu veittar sérstaklega fyrir æðstu stjórnendur tiltekinna sviða hjá félaginu, þ.m.t. stjórnendur dótturfélaga, sem skipta máli fyrir stjórnun og rekstur þess.

Mikilvægt er að félag gæti samræmis við upplýsingar sem hann hefur áður gefið í lýsingu um launagreiðslur stjórnenda. Samkvæmt þessari grein ber félagi einnig að gera grein fyrir öllum óvenjulegum samningum, við stjórnendur, er varðar launagreiðslur, t.d. samninga um greiðslur, ráðningar og uppsagnir, svo sem ákvæði um að ráðningarsamningur eða annar langtímasamningur sé óuppsegjanlegur, með óvenju löngum uppsagnarfresti (umfram 12 mánuði) eða ákvæði um sérstakar greiðslur láti stjórnandi af störfum vegna breytinga á eignarhaldi. Einnig ber að tilgreina óvenjulega samninga um eftirlaunakjör eða lífeyri, svo og hvers konar óvenjulegar greiðslur sem inna á af hendi í tengslum við starfslok eða eftir þau.

Ef svið innan félagsins eða dótturfélög, vega meira en 10% af eigin fé eða afkomu félagsins eða samstæðunnar skal greina frá sömu upplýsingum um launakjör æðstu stjórnenda þessara sviða eða dótturfélaga.

2.25 Launagreiðslur til annarra stjórnenda

Í ársreikningi skal tilgreina upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi annarra stjórnenda félags skulu gefnar upp að lágmarki sem heildartala fyrir hópinn, auk fjölda stjórnenda í hópnum og skilgreiningar á því hverjir falla í hópinn.

Með öðrum stjórnendum er átt við stjórnendur tiltekinna sviða sem skipta máli fyrir rekstur félags þó að þeir teljist ekki til æðstu stjórnenda innan félagsins eða samstæðunnar. Hér er t.d. átt við aðra framkvæmdstjóra eða forstöðumenn, en þeirra sem getið er í ákvæði 2.24.

2.26 Yfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja – „Fylgið eða skýrið“

Stjórn félags skal lýsa því yfir í skýrslu stjórnar í ársreikningi hvort félagið fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Hafi félagið ekki fylgt leiðbeiningunum að öllu leyti skal greina frá frávikum, því tímabili sem vikið var frá tilteknum ákvæðum og skýrðar ástæður þeirra.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er að finna á vefsetri Kauphallarinnar, www.nasdaqomx.com. Leiðbeiningarnar eru gefnar út og unnar í samstarfi Kauphallarinnar, Viðskiptaráðs Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

SKULDABRÉF**3. TAKA SKULDABRÉFA TIL VIÐSKIPTA****3.1 Skilyrði fyrir töku skuldabréfa til viðskipta****3.1.1 *Almennt***

Skuldabréf er unnt að taka til viðskipta í Kauphöllinni í samræmi við reglur þessar enda uppfylli þau og útgefandi þeirra ákvæði laga og reglugerða um töku fjármálagerninga til viðskipta.

Sækja þarf um töku skuldabréfa til viðskipta í Kauphöllinni í samræmi við reglur þessar, lög eða reglugerðir sem gilda um töku fjármálagerninga til viðskipta.

Taka skuldabréfanna til viðskipta þarf að mati Kauphallarinnar að vera til þess fallin að þjóna hagsmunum almennings og verðbréfamarkaðarins.

3.1.2 *Viðskipti án takmarkana*

Viðskipti með skuldabréfin skulu vera án takmarkana. Kauphöllin getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði enda trúfli slíkar takmarkanir ekki viðskipti með skuldabréfin á nokkurn hátt.

3.1.3 *Jöfn réttindi eigenda skuldabréfa*

Sækja skal um að öll útgefin skuldabréf í viðkomandi flokki skuldabréfa verði tekin til viðskipta. Með flokki skuldabréfa er átt við einsleit skuldabréf þar sem réttindi eigenda og skilmálar skuldabréfanna eru að öllu leyti hin sömu.

Ef útgefandi stækkar flokk skuldabréfa sem er í viðskiptum í Kauphöllinni, skal útgefandi sækja um töku skuldabréfanna til viðskipta án tafar.

3.1.4 *Upplýsingakerfi*

Upplýsingakerfi útgefanda skal að mati Kauphallarinnar vera þannig að líklegt sé að útgefandinn geti uppfyllt kröfur Kauphallarinnar og gefið raunsæja mynd af rekstrinum.

Kauphöllin telur æskilegt að reynsla sé komin á upplýsingakerfi félaga áður en skuldabréf þess eru tekin til viðskipta.

3.1.5 *Stærð skuldabréfaflokks*

Áætlað markaðsvirði skuldabréfaflokks skal að lágmarki vera fjárhæð sem nemur 500 þúsund evrum miðað við opinbert gengi eins og það er skráð hverju sinni.

Kauphöllin getur tekið minni flokka skuldabréfa til viðskipta ef líkur eru á nægum markaði og viðskiptum með bréfin þannig að eðlileg verðmyndun geti átt sér stað. Áætlað markaðsvirði skuldabréfaflokks skal þó aldrei vera lægri en fjárhæð sem nemur 200 þúsundum evrum miðað við opinbert gengi eins og það er skráð hverju sinni.

3.2 Ferlið við töku skuldabréfa til viðskipta

3.2.1 *Undirbúningsfundur*

Ef verðbréfaflokkur, gefinn út af sama útgefanda, hefur ekki þegar verið tekinn til viðskipta í Kauphöllina skulu útgefandi og umsjónaraðili óska eftir fundi með Kauphöllinni vegna fyrirhugaðrar umsóknar.

3.2.2 *Umsókn um töku skuldabréfa til viðskipta*

Í umsókn um töku skuldabréfaflokks til viðskipta skal gefa upplýsingar um:

1. útgefanda, starfsemi hans og markmið með töku skuldabréfanna til viðskipta.
2. skuldabréfaflokk þann sem sótt er um að verði tekin til viðskipta.
3. útboð, ef það er fyrirhugað samhliða töku skuldabréfanna til viðskipta, ásamt upplýsingum um fjárhæð þess og skilmála.
4. umsjónaraðila vegna töku skuldabréfanna til viðskipta og umsjónaraðila útboðsins ef við á.

Umsókn skal undirrituð af stjórn útgefanda eða öðrum sem til þess hefur umboð og umsjónaraðila sem hefur milligöngu gagnvart Kauphöllinni.

Eyðublað vegna töku skuldabréfa til viðskipta er að finna á vefsetri Kauphallarinnar, www.nasdaqomx.com.

3.2.3 *Fylgigögn með umsókn*

Með umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. drög að lýsingu.
2. útfyllt skrá yfir millitilvísanir.
3. útfyllt eyðublað með upplýsingum um skilmála flokksins.
4. afrit af skuldabréfi eða útgáfulýsing vegna rafrænnar skráningar.
5. tímaáætlun vegna töku skuldabréfanna til viðskipta sem unnin hefur verið í samráði við Kauphöllina.

Ef ekki eru aðrir fjármálagerningar útgefandans í viðskiptum í Kauphöllinni þegar sótt er um töku skuldabréfaflokks til viðskipta skulu að auki fylgja:

1. tveir síðustu endurskoðaðir ársreikningar og milliuppgjör fyrir tímabilið ef við á.
2. gildandi samþykktir útgefanda ef við á.
3. listi yfir innherja samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti. Reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja hafi útgefandi sett sér slíkar reglur.

Kauphöllinni er heimilt að óska þess að lögð séu fram frekari gögn sem talið er að geti haft þýðingu vegna töku skuldabréfanna til viðskipta.

Skrár yfir millitilvísanir og eyðublöð vegna töku skuldabréfa til viðskipta er að finna á vefsetri Kauphallarinnar, <http://www.nasdaqomx.com/>

3.2.4 **Almenn skilyrði**

Áður en að töku skuldabréfanna til viðskipta kemur skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Útgefandi skal hafa undirritað samning við Kauphöllina um töku skuldabréfanna til viðskipta.
2. Lögð skal fram staðfest lýsing.
3. Ársreikningar skulu vera aðgengilegir almenningi og þá skal unnt að nálgast hjá útgefanda án endurgjalds.
4. Samþykktir skulu vera aðgengilegar almenningi og þær skal unnt að nálgast hjá útgefandanum án endurgjalds.
5. Útgefandi skal tilnefna tengilið við Kauphöllina. Tilkynna skal Kauphöllinni án tafar ef tengiliður lætur af störfum og hver tekur við starfinu.

Mikilvægt er að tengiliður sé vel upplýstur um helstu málefni útgefandans og lög og reglur á markaði. Tryggja þarf aðgengi Kauphallarinnar að tengilið og að útnefndur sé staðgengill fyrir tengilið.

3.3 **Lýsing**

3.3.1 **Upplýsingar í lýsingu**

Lýsing skal innihalda þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda og ábyrgðaraðila, ef við á, sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Yfirlit yfir þær upplýsingar sem skulu koma fram eru tilgreindar í lögum nr. 108/2007 um verðbréfa viðskipti og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

3.3.2 **Aðrar lýsingar**

Kauphöllin tekur gildar lýsingar ásamt viðaukum sem staðfestar hafa verið af lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Kauphöllin getur tekið gildar lýsingar staðfestar af til þess bærum aðilum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

4. UPPLÝSINGASKYLDA ÚTGEFENDA SKULDABRÉFA

4.1 Almenn ákvæði um upplýsingaskyldu

4.1.1 *Skyldan til upplýsingagjafar*

Útgefendur skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta í Kauphöllinni skulu á hverjum tíma fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í þessum kafla.

4.1.2 *Markmið upplýsingaskyldu*

Markmiðið með þessum reglum er að tryggja að fjárfestar hafi á hverjum tíma aðgang að nýjustu upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að geta myndað sér skoðun á fjárfestingarkostum sem í boði eru. Forsvarsmenn viðkomandi útgefanda skulu því ávallt kappkosta að birta opinberlega þær upplýsingar sem þeir telja að kunni að hafa marktæk áhrif á markaðsverð bréfanna.

4.1.3 *Jafnræði*

Útgefandi skal gæta jafnræðis fjárfesta um aðgang að upplýsingum sem þessar reglur ná til og meðhöndla og varðveita með þeim hætti að óviðkomandi hafi ekki aðgang að slíkum upplýsingum áður en þær eru gerðar opinberar.

Hér getur verið um að ræða upplýsingar sem veittar eru í yfirlýsingum, viðtölum, fundum með fjárfestum, gögnum sem dreift er innan fyrirtækisins eða fréttabréfum.

4.1.4 *Tímasetning upplýsingagjafar*

Allar upplýsingar sem þessar reglur taka til skal birta án tafar eða eins fljótt og unnt er.

Verði verulegar breytingar frá þeim upplýsingum sem þegar hafa verið birtar skal birta upplýsingar um leið og breytingarnar hafa átt sér stað og á sama hátt og fyrir tilkynninguna. Hið sama gildir um leiðréttingar á villum í tilkynningum sem félag birtir; þær skulu birtar um leið og þær uppgötvast, nema þær skipti ekki máli.

Stundum er matskennt hvenær einstakir atburðir eða atvik eiga sér nákvæmlega stað. Þá er eðlilegt að miða við þann tíma þegar atburðarásin er komin á það stig að líklegt teljist að hún leiði til formlegrar eða bindandi ákvörðunar.

Þannig getur í sumum tilvikum skapast upplýsingaskylda áður en ákvarðanir eru formlega teknar og því verði ekki alltaf hægt að bíða eftir formlegri samþykkt t.d. samþykki stjórnar.

4.1.5 *Form og innihald tilkynninga*

Útgefandi skal í allri upplýsingagjöf sinni gæta þess að gefin sé skýr mynd af því sem fjallað er um hverju sinni. Leitast skal við að hafa orðalag í tilkynningum skýrt og ótvírætt þannig að fjárfestum verði strax ljóst hvað fjallað er um í tilkynningunni og hvaða áhrif það hefur á útgefanda, t.d. á afkomu og efnahag.

Í fyrirsögn skal koma fram meginefni tilkynningarinnar.

Leitast skal við að láta þær upplýsingar sem mestu máli skipta koma fram í upphafi tilkynningarinnar. Ef um er að ræða umfangsmikla tilkynningu skal útdráttur fylgja með.

Í öllum tilkynningum skal koma fram dagsetning, nafn útgefanda, símanúmer og upplýsingar um tengilið hjá útgefanda.

4.1.6 **Opinber birting upplýsinga**

Samhliða opinberri birtingu lögum samkvæmt skal útgefandi senda upplýsingarnar í eftirlitsskyni til Kauphallarinnar.

Tilkynningar frá útgefanda skulu innhalda upplýsingar um tíma og dagsetningu miðlunar upplýsinga, nafn útgefanda og vefsetur hans, og nafn og símanúmer tengiliðar útgefanda.

Um opinbera birtingu upplýsinga gildir ákvæði laga um verðbréfavíðskipti og reglugerð sem sett er á grundvelli laganna.

Upplýsingar sem útgefandi sendir Kauphöllinni í eftirlitsskyni skulu vera sendar rafrænt með þeim hætti sem Kauphöllin ákveður. Þær upplýsingar sem Kauphöllinni eru sendar í eftirlitsskyni taka einnig til upplýsinga frá útgefanda ef hann verður tilkynningarskyldur samkvæmt reglum annars skipulegs verðbréfamarkaðar.

4.1.7 **Vefsíða**

Útgefanda ber að halda úti eigin vefsíðu sem veitir aðgang í þrjú ár hið minnsta að þeim upplýsingum sem honum er skylt að birta samkvæmt reglum um upplýsingaskyldu sem hvílir á útgefanda.

Fjárhagsupplýsingar skulu þó vera aðgengilegar í fimm ár að lágmarki eftir að þær hafa verið birtar.

Setja skal upplýsingarnar á vefsíðuna eins fljótt og unnt er eftir að þær hafa verið birtar. Útgefanda er skylt að halda úti eigin vefsíðu til að tryggja að markaðurinn hafi aðgang að upplýsingum um félagið.

Þetta ákvæði gildir frá þeim degi er útgefandi sækir um að skuldabréf hans verði tekin til víðskipta. Ákvæðið gildir einnig um ársskýrslur og lýsingar.

4.2 **Atviksbundin upplýsingaskylda**

4.2.1 **Mikilvægar ákvarðanir og atvik**

Útgefandi skal kappkosta að birta án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem hann vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð skuldabréfa hans.

4.2.2 **Upplýsingar er varða réttindi eigenda skuldabréfa**

Tilkynna skal um allar ákvarðanir eða atvik sem varða réttindi eigenda skuldabréfa.

Hér er meðal annars um að ræða atriði eins og:

1. Innköllun.

2. Innlausn skuldabréfa fyrir gjalddaga.

3. Útdrátt.

4. Drátt á afborgunum höfuðstóls og/eða vaxta.

4.2.3 *Taka skuldabréfa til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði*

Útgefandi skal birta tilkynningu án tafar þegar ákvörðun liggur fyrir um að sækja um töku skuldabréfa hans til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði en í Kauphöllinni. Einnig skal tilkynna Kauphöllinni þegar umsókn um töku skuldabréfa til viðskipta er samþykkt eða henni er hafnað.

Verði útgefanda kunnugt um að viðskipti með bréf hans eigi sér stað á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði skal hann tilkynna það til Kauphallarinnar án tafar.

Útgefandi sem hefur skuldabréfin tekin til viðskipta á erlendum skipulegum verðbréfamarkaði skal senda lögbæru yfirvaldi í viðkomandi landi sömu upplýsingar og sendar hafa verið Kauphöllinni. Á sama hátt skal senda Kauphöllinni allar sömu upplýsingar og sendar eru hinu lögbæra yfirvaldi.

4.3 Uppgjör

4.3.1 *Birting uppgjöra og tímafrestur*

Útgefandi skal birta opinberlega ársreikning, eða samstæðureikning ef við á, eins fljótt og auðið er eftir lok reikningsársins og eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess.

Útgefandi, að undanþegnum ríkissjóði og sveitarfélögum, skal birta opinberlega árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eða samstæðureikning vegna fyrstu sex mánuði reikningsársins ef við á, eins fljótt og auðið er eftir lok þess tímabils, þó eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum þess.

Sé árshlutareikningur endurskoðaður eða kannaður af endurskoðanda skal áritun endurskoðanda fylgja.

Ef áritun endurskoðanda er ekki á stöðluðu formi eða ef áritun hefur verið breytt skal birta hana í heild. Áritun endurskoðanda telst ekki vera á stöðluðu formi ef endurskoðandi hefur bætt við ábendingarmálgrein eða hefur ekki veitt fyrirvaralaus áritun án breytinga.

Útgefanda er ávallt skylt að birta opinberlega ársreikning og árshlutareikning þrátt fyrir að útgefandi gæti nýtt undanþágu frá því að birta opinberlega reglulegar upplýsingar sem kveðið er á um í VII. kafla laga um verðbréfavíðskipti.

4.3.2 *Birtingarvika*

Eigi síðar en fimmtán dögum fyrir birtingu ársreiknings og sjö dögum fyrir birtingu árshlutareiknings skal útgefandi birta upplýsingar um áætlaða birtingarviku. Verði um breytingar að ræða á áætlun um birtingarviku skal birta tilkynningu um það eins fljótt og unnt er.

HLUTDEILDARSKÍRTEINI**5. TAKA HLUTDEILDARSKÍRTEINA TIL VIÐSKIPTA****5.1 Skilyrði fyrir töku hlutdeildarskírteina til viðskipta****5.1.1 *Almennt***

Hlutdeildarskírteini er unnt að taka til viðskipta í Kauphöllinni í samræmi við reglur þessar enda uppfylli þau og útgefandi þeirra ákvæði laga og reglugerða um töku hlutdeildarskírteina til viðskipta.

Sækja þarf um töku hlutdeildarskírteina til viðskipta í Kauphöllinni í samræmi við reglur þessar, lög og reglugerðir sem gilda um töku fjármálagerna til viðskipta.

5.1.2 *Viðskipti án takmarkana*

Viðskipti með hlutdeildarskírteinin skulu vera án takmarkana.

5.1.3 *Markaðsverðmæti sjóða*

Áætlað markaðsverðmæti sjóðs þegar umsókn er lögð fram, skal vera að lágmarki fjárhæð sem nemur 1250 þúsund evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

5.2 Ferlið við töku hlutdeildarskírteina til viðskipta**5.2.1 *Undirbúningsfundur***

Áður en sótt er um töku hlutdeildarskírteina til viðskipta í fyrsta skipti skulu útgefandi og umsjónaraðili óska eftir fundi með Kauphöllinni vegna fyrirhugaðrar umsóknar um töku hlutdeildarskírteina til viðskipta.

5.2.2 *Umsókn um töku hlutdeildarskírteina til viðskipta*

Í umsókn skal gefa upplýsingar um:

1. rekstrarfélag, verðbréfasjóð eða fjárfestingarsjóð og markmið þess að sótt er um töku hlutdeildarskírteina til viðskipta.
2. umsjónaraðila vegna töku hlutdeildarskírteina til viðskipta.

Umsókn skal undirrituð af stjórn rekstrarfélags eða öðrum sem til þess hefur umboð og umsjónaraðila sem hefur milligöngu gagnvart Kauphöllinni.

Eyðublöð vegna töku hlutdeildarskírteina til viðskipta er að finna á vefsetri Kauphallarinnar, <http://www.nasdaqomx.com/>

5.2.3 *Fylgigögn með umsókn*

Með umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. útboðslýsing
2. staðfesting Fjármálaeftirlitsins á sjóðnum.

3. reglur sjóðsins.
4. stofnefnahagsreikningur eða tveir síðustu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins ef við á.
5. milliuppgjör sjóðsins vegna yfirstandandi árs ef við á
6. drög að tímaáætlun vegna töku hlutdeildarskírteinanna til viðskipta.

Ef ekki eru þegar hlutdeildarskírteini útgefin af viðkomandi rekstrarfélagi í viðskiptum í Kauphöllinni þegar sótt er um töku hlutdeildarskírteinana skulu að auki fylgja:

1. afrit af starfsleyfi rekstrarfélagsins.
2. stofnefnahagsreikningur eða tveir síðustu endurskoðaðir ársreikningar rekstrarfélagsins ef við á.
3. milliuppgjör rekstrarfélagsins vegna yfirstandandi árs ef við á.
4. gildandi samþykktir rekstrarfélagsins.
5. listi yfir innherja.

Kauphöllinni er heimilt að óska þess að lögð séu fram frekari gögn sem talið er að geti haft þýðingu vegna töku hlutdeildarskírteinanna til viðskipta.

5.2.4 *Almenn skilyrði*

Áður en að töku hlutdeildarskírteina til viðskipta kemur skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Útgefandi skal hafa undirritað samning við Kauphöllina.
2. Lögð skal fram staðfest útboðslýsing.
3. Ársreikningar skulu aðgengilegir almenningi og þá skal unnt að nálgast hjá útgefanda án endurgjalds.
4. Samþykktir skulu vera aðgengilegar almenningi og þær skal unnt að nálgast þær hjá útgefanda án endurgjalds.
5. Útgefandi skal tilnefna tengilið við Kauphöllina. Tilkynna skal Kauphöllinni án tafar ef tengiliður lætur af störfum og hver tekur við starfinu.
6. Í tilviki kauphallarsjóða (e. Exchange Traded Funds, ETFs) skal útgefandi hafa gert samning um viðskiptavakt og skal hann fylgja umsókn.

Mikilvægt er að tengiliður sé vel upplýstur um helstu málefni útgefandans og lög og reglur á markaði. Tryggja þarf aðgengi Kauphallarinnar að tengilið og að útnefndur sé staðgengill fyrir tengilið.

5.3 Útboðslýsing

5.3.1 *Upplýsingar í útboðslýsingu*

Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði. Í útdrætti úr útboðslýsingu skal draga fram meginatriði útboðslýsingar. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Yfirlit yfir þær upplýsingar sem skulu koma fram eru í lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

5.3.2 *Aðrar útboðslýsingar*

Kauphöllin tekur gildar útboðslýsingar sem staðfestar hafa verið af öðrum lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Kauphöllin getur tekið gildar útboðslýsingar staðfestar af til þess bærum aðilum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

6. UPPLÝSINGASKYLDA ÚTGEFENDA HLUTDEILDARSKÍRTEINA

6.1 Almenn ákvæði um upplýsingaskyldu

6.1.1 *Skyldan til upplýsingagjafar*

Útgefendur hlutdeildarskírteina sem tekin hafa verið til viðskipta í Kauphöllinni, skulu á hverjum tíma fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í þessum kafla.

6.1.2 *Markmið upplýsingaskyldu*

Markmiðið með þessum reglum er að tryggja að fjárfestar hafi á hverjum tíma aðgang að nýjustu upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingarkostum sem í boði eru. Forsvarsmenn viðkomandi útgefanda skulu því ávallt kappkosta að gera opinberar þær upplýsingar sem þeir telja að kunni að hafa marktæk áhrif á markaðsverð hlutdeildarskírteinanna.

6.1.3 *Jafnræði*

Útgefandi skal gæta jafnræðis fjárfesta um aðgang að upplýsingum sem þessar reglur ná til og meðhöndla og varðveita með þeim hætti að óviðkomandi hafi ekki aðgang að slíkum upplýsingum áður en þær eru gerðar opinberar.

Hér getur verið um að ræða upplýsingar sem veittar eru í yfirlýsingum, viðtölum, fundum með fjárfestum, gögnum sem dreift er innan fyrirtækisins eða fréttabréfum.

6.1.4 *Tímasetning upplýsingagjafar*

Allar upplýsingar, sem þessar reglur taka til, skal birta án tafar eða eins fljótt og unnt er.

Verði verulegar breytingar frá þeim upplýsingum sem þegar hafa verið birtar skal birta upplýsingar um leið og breytingar hafa átt sér stað og á sama hátt og fyrri tilkynninguna. Hið sama gildir um leiðréttingar á villum í tilkynningum sem félag birtir; þær skulu birtar um leið og þær uppgötvast, nema þær skipti ekki máli.

Stundum er matskennt hvenær einstakir atburðir eða atvik eiga sér nákvæmlega stað. Þá er eðlilegt að miða við þann tíma þegar atburðarásin er komin á það stig að líklegt teljist að hún leiði til formlegrar eða bindandi ákvörðunar.

Þannig getur í sumum tilvikum skapast upplýsingaskylda áður en ákvarðanir eru formlega teknar og því verði t.d. ekki alltaf hægt að bíða eftir formlegu samþykki stjórnar.

6.1.5 *Form og innihald tilkynninga*

Útgefandi skal í allri upplýsingagjöf sinni gæta þess að gefin sé skýr mynd af því sem fjallað er um hverju sinni. Leitast skal við að hafa orðalag í tilkynningum skýrt og ótvírætt þannig að fjárfestum verði strax ljóst hvað fjallað er um í tilkynningunni og hvaða áhrif það hefur á hlutdeildarskírteini einstakra sjóða.

Í fyrirsögn skal koma fram efni tilkynningarinnar.

Leitast skal við að láta þær upplýsingar, sem mestu máli skipta koma fram í upphafi. Ef um er að ræða umfangsmikla tilkynningu skal útdráttur fylgja með.

Í öllum tilkynningum skal koma fram dagsetning, nafn rekstrarfélags, símanúmer og upplýsingar um tengilið hjá útgefanda.

6.1.6 ***Opinber birting upplýsinga***

Samhliða opinberri birtingu lögum samkvæmt skal útgefandi senda upplýsingarnar í eftirlitsskyni til Kauphallarinnar.

Tilkynningar frá útgefanda skulu innhalda upplýsingar um tíma og dagsetningu miðlunar upplýsinga, nafn útgefanda og vefsetur hans, og nafn og símanúmer tengiliðar útgefanda.

Um opinbera birtingu upplýsinga gildir ákvæði laga um verðbréfavíðskipti og reglugerð sem sett er á grundvelli laganna.

Upplýsingar sem útgefandi sendir Kauphöllinni í eftirlitsskyni skulu vera sendar rafrænt með þeim hætti sem Kauphöllin ákveður. Þær upplýsingar sem Kauphöllinni eru sendar í eftirlitsskyni taka einnig til upplýsinga frá útgefanda ef hann verður tilkynningarskyldur samkvæmt reglum annars skipulegs verðbréfamarkaðar.

6.1.7 ***Vefsíða***

Útgefanda ber að halda úti eigin vefsíðu sem veitir aðgang í þrjú ár hið minnsta að þeim upplýsingum sem honum er skylt að birta samkvæmt reglum um upplýsingaskyldu sem hvílir á útgefanda.

Fjárhagsupplýsingar skulu þó vera aðgengilegar í fimm ár að lágmarki eftir að þær hafa verið birtar.

Setja skal upplýsingarnar á vefsíðuna eins fljótt og unnt er eftir að þær hafa verið birtar.

Útgefanda er skylt að halda úti eigin vefsíðu til að tryggja að markaðurinn hafi aðgang að upplýsingum um félagið.

Þetta ákvæði gildir frá þeim degi er útgefandi sækir um að hlutdeildarskírteini hans verði tekin til viðskipta. Ákvæðið gildir einnig um ársskýrslur og útboðslýsingar sé þess kostur.

6.2 **Atviksbundin upplýsingaskylda**

6.2.1 ***Mikilvægar ákvarðanir og atvik***

Útgefandi skal kappkosta að opinbera án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem hann vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð hlutdeildarskírteina hans. Breytingar frá áður útgefinni fjárfestingarstefnu

Breytingar á áður útgefinni fjárfestingarstefnu Ef brugðið er tímabundið eða til langframa frá fjárfestingarstefnu sjóða skal útgefandi tilkynna um slíkt og ástæður þess eins fljótt og unnt er. Jafnframt skal tilkynnt um allar verulegar fjárfestingar og/eða breytingar frá því sem áður hefur verið birt.

6.2.2 ***Taka hlutdeildarskírteina til viðskipta í öðrum kauphöllum***

Útgefandi skal tilkynna án tafar þegar ákvörðun liggur fyrir um að sækja um töku hlutdeildarskírteina hans til viðskipta í annarri kauphöll eða á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði en Kauphöllinni. Einnig skal birta þegar umsókn um töku hlutdeildarskírteina til viðskipta er samþykkt eða henni er hafnað.

Verði útgefanda kunnugt um að viðskipti með hlutdeildarskírteini hans eigi sér stað á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði skal hann tilkynna það til Kauphallarinnar án tafar.

Útgefandi hlutdeildarskírteina sem tekin hafa verið til viðskipta í annarri kauphöll skal senda lögbæru yfirvaldi í viðkomandi landi sömu upplýsingar og sendar hafa verið Kauphöllinni. Á sama hátt skal senda Kauphöllinni allar sömu upplýsingar og sendar eru hinu lögbæra yfirvaldi.

6.3 Regluleg upplýsingaskylda

6.3.1 *Aðrar upplýsingar*

Fyrir opnun viðskipta í Kauphöllinni dag hvern skal útgefandi birta á vefsíðu sinni upplýsingar um innlausnarvirði og söluverð verðbréfasjóðsins eða fjárfestingarsjóðsins, reiknað eftir ákvæðum laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði nr. 128/2011, og reglugerð um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 792/2003.

Til viðbótar skal útgefandi á fyrsta viðskiptadegi hvers mánaðar birta á vefsíðu sinni upplýsingar um eignaskiptingu, innlausnarvirði og fjölda útgefinna hlutdeildarskírteina í lok fyrra mánaðar.

6.3.2 *Stærð sjóðsins*

Á fyrsta viðskiptadegi hvers mánaðar skal senda Kauphöllinni upplýsingar um stærð hvers sjóðs fyrir sig í lok fyrra mánaðar.

6.3.3 *Birting uppgjöra og tímafrestur*

Útgefandi skal birta opinberlega ársreikning eins fljótt og auðið er eftir lok reikningsársins og eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess.

Útgefandi skal birta opinberlega árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eins fljótt og auðið er eftir lok þess tímabils, þó eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum þess.

Uppgjörin skulu að lágmarki innihalda allar upplýsingar sem máli skipta um sjóði verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða sem teknir hafa verið til viðskipta

Sé árshlutareikningur endurskoðaður eða kannaður af endurskoðanda skal áritun endurskoðanda fylgja. Ef áritun endurskoðanda er ekki á stöðluðu formi eða ef áritun hefur verið breytt skal birta hana í heild. Áritun endurskoðanda telst ekki vera á stöðluðu formi ef endurskoðandi hefur bætt við ábendingarmálgrein eða hefur ekki veitt fyrirvaralaus áritun án breytinga.

Útgefanda er ávallt skylt að birta opinberlega ársreikning og árshlutareikning þrátt fyrir að útgefandi gæti nýtt undanþágu frá því að birta opinberlega reglulegar upplýsingar sem kveðið er á um í VII. kafla laga um verðbréfavíðskipti.

6.3.4 *Birtingarvika*

Eigi síðar en fimmtán dögum fyrir birtingu ársreiknings og sjö dögum fyrir birtingu árshlutareiknings skal útgefandi birta upplýsingar um áætlaða birtingarviku. Verði um breytingar að ræða á áætlun um birtingarviku skal birta tilkynningu um það eins fljótt og unnt er.

7. AÐRIR FJÁRMÁLAGERNINGAR

7.1 Almennt

Stjórn Kauphallar getur ákveðið að taka til viðskipta aðrar tegundir fjármálagerninga en þær sem sérstaklega eru nefndar í þessum reglum. Um skilyrði tóku þeirra fjármálagerninga til viðskipta fer eftir ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og eftir nánari ákvörðun Kauphallarinnar hverju sinni með hliðsjón af eðli og tegund fjármálagerninganna.

Fjármálagerningarnir verða ekki teknir til viðskipta nema hlutabréf viðkomandi félags hafi verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum markaði í öðru ríki.

Kauphöllin getur þó veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef hún telur nægar upplýsingar liggja fyrir um útgefandann til þess að eðlileg verðmyndun geti átt sér stað á fjármálagerningunum.

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI**8. ALMENNAR REGLUR FYRIR ÚTGEFENDUR FJÁRMÁLAGERNINGA****8.1 Gjöld**

Útgefandi skal greiða stofngjald við töku fjármálagerninga hans til viðskipta og árgjald meðan á töku fjármálagerninganna til viðskipta stendur samkvæmt gildandi gjaldskrá Kauphallarinnar hverju sinni.

8.2 Athugunarmerking

Komi sú staða upp hjá útgefanda að verðmyndun sé af einhverjum orsökum óviss, svo sem vegna óvissu um framtíð útgefandans, vegna þess að tilteknar upplýsingar liggja ekki fyrir og/eða að um brot á upplýsingaskyldu er að ræða, getur Kauphöllin ákveðið að athugunarmerkja fjármálagerning(a) viðkomandi útgefanda tímabundið.

Í sérstökum tilvikum getur Kauphöllin athugunarmerkt fjármálagerning(a) útgefandans samkvæmt beiðni hans, að því tilskildu að Kauphöllin fallist á rök fyrir þeirri beiðni.

8.3 Brot á reglum

Telji Kauphöllin að útgefandi uppfylli ekki lengur reglur þessar eða ákvarðanir, sem Kauphöllin tekur á grundvelli þeirra skal gera honum grein fyrir því. Í samræmi við ákvæði samnings Kauphallarinnar og viðkomandi útgefanda vegna töku fjármálagerninga hans til viðskipta í Kauphöllinni getur Kauphöllin ákveðið að:

1. krefjast upplýsinga frá viðkomandi útgefanda.
2. athugunarmerkja fjármálagerninga viðkomandi útgefanda tímabundið.
3. áminna útgefandann fyrir brot á reglum.
4. birta opinbera yfirlýsingu varðandi umrætt mál.
5. setja skilyrði fyrir viðskiptum eða stöðva viðskipti með fjármálagerninga útgefanda. Slík stöðvun viðskipta getur verið tímabundin eða gilt um óákveðinn tíma.
6. beita útgefandann viðurlögum í formi févítis allt að tífoldu árgjaldi útgefanda vegna töku fjármálagerninga til viðskipta í Kauphöllinni, séu sakir miklar að mati Kauphallarinnar.
7. taka fjármálagerninga útgefanda úr viðskiptum Kauphallarinnar um tíma eða varanlega.

8.4 Ákvörðun um beitingu viðurlaga

Telji Kauphöllin að útgefandi hafi brotið gegn ákvæðum um upplýsingaskyldu samkvæmt 2., 4. eða 6. kafla og að brotið geti varðað viðurlögum samkvæmt 4. – 7. tl. ákvæðis 8.3 skal slíkt mál tekið til meðferðar hjá Viðurlaganefnd Kauphallarinnar.

Um meðferð mála fyrir Viðurlaganefnd Kauphallarinnar fer samkvæmt reglum um Viðurlaganefnd NASDAQ OMX Iceland.

8.5 Útgefandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta

Uppfylli útgefandi fjármálagerninga ekki lengur skilyrði fyrir töku fjármálagerninga hans til viðskipta skal það tilkynnt Kauphöllinni um leið og útgefanda er kunnugt um það. Útgefandi skal gera viðeigandi ráðstafanir í samráði við Kauphöllina.

8.6 Taka fjármálagerninga úr viðskiptum**8.6.1 Gjaldþrot**

Sé bú útgefanda tekið til gjaldþrotaskipta skulu fjármálagerningar hans teknir úr viðskiptum hjá Kauphöllinni.

Kauphöllin getur ákveðið einhliða að taka fjármálagerninga útgefanda úr viðskiptum í þeim tilfellum þegar lögð hefur verið fram beiðni um slitameðferð eða sambærileg beiðni hefur verið lögð fram.

8.6.2 Gildistaka

Reglur þessar taka gildi fyrir útgefanda frá þeim tíma er fjármálagerningar hans hafa verið teknir til viðskipta í Kauphöllinni eða sótt hefur verið um að þeir verði teknir til viðskipta og skulu reglurnar gilda á meðan fjármálagerningarnir eru í viðskiptum í Kauphöllinni. Kauphöllin getur þó tekið ákvarðanir og beitt viðurlögum í samræmi við ákvæði 8.3 um brot á reglum í eitt ár eftir að fjármálagerningar útgefanda voru teknir úr viðskiptum telji hún að útgefandi hafi ekki uppfyllt reglurnar á meðan fjármálagerningar hans voru í viðskiptum.